

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

*Niðurstöður spurningakönnunar meðal foreldra
barna á aldrinum 12 mánaða til 12 ára*

Nóvember 2023

Rannsókn þessi er styrkt af:
Vísindasjóði Orkuveitu Reykjavíkur



Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs. Niðurstöður spurningakönnunar meðal foreldra barna á aldrinum 12 mánaða til 12 ára.

Útgefandi: Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins
Höfundar: Kristín Heba Gísladóttir, Maya Staub og Kolbeinn Hólmar Stefánsson.
Úrvinnsla tölfraeðilegra gagna: Maya Staub og Kolbeinn Hólmar Stefánsson

Guðrúnartún 1, 105 Reykjavík
Sími: 535 5629
Netfang: rannvinn@rannvinn.is
Vefsíða Vörðu: rannvinn.is
ISBN númer: 978-9935-532-26-8

© Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins, 2023

Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður.....	1
1 Inngangur.....	2
2 Aðferð.....	6
2.1 Fyrirlögn.....	6
2.2 Svarhlutfall.....	6
2.3 Vigtun gagna.....	6
2.4 Marktækniþróf.....	6
3 Niðurstöður.....	7
3.1 Staða foreldra á vinnumarkaði.....	10
3.2 Fjárhagsstaða foreldra og kostnaður við frístundir og barnapössun.....	23
3.3 Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs.....	26
3.4 Frí- og starfdagar í skólastarfi og úrlausnir foreldra.....	31
3.5 Umönnun barna eftir að fæðingarorlofi lýkur.....	34
3.6 Viðhorf vinnustaðarins til samræmingar fjölskyldu- og atvinnulífs.....	36
3.7 Samskipti við skóla barnanna.....	48
3.8 Félagslegt bakland vegna umönnunar barna.....	53
Heimildaskrá.....	55

Töfluyfirlit

Tafla 1. Lýðfræðileg samsetning foreldra 1-12 ára barna eftir kyni.....	9
Tafla 2. Staða á vinnumarkaði eftir kyni.....	10
Tafla 3. Staða maka á vinnumarkaði eftir kyni.....	11
Tafla 4. Starfsgrein eftir kyni.....	11
Tafla 5. Starfsgrein maka eftir kyni.....	12
Tafla 6. Vinnufyrirkomulag eftir kyni.....	12
Tafla 7. Vinnufyrirkomulag maka eftir kyni.....	12
Tafla 8. Starfshlutfall eftir kyni.....	13
Tafla 9. Starfshlutfall maka eftir kyni.....	13
Tafla 10. Starfshlutfall eftir kyni og starfsgrein.....	14
Tafla 11. Starfshlutfall maka eftir kyni og starfsgrein.....	15
Tafla 12. Fjöldi vinnustunda á mánuði eftir kyni.....	16
Tafla 13. Fjöldi vinnustunda maka á mánuði eftir kyni.....	16
Tafla 14. Fjöldi yfirvinnustunda á mánuði eftir kyni.....	16

Tafla 15. Fjöldi yfirvinnustunda maka á mánuði eftir kyni.	17
Tafla 16. Fjöldi yfirvinnustunda á mánuði eftir kyni og starfsgrein.	19
Tafla 17. Fjöldi yfirvinnustunda maka á mánuði eftir kyni og starfsgrein.	21
Tafla 18. Ástæður fyrir hlutastarfi eftir kyni.	22
Tafla 19. Ástæður fyrir hlutastarfi maka eftir kyni.	22
Tafla 20. Mánaðarlegar atvinnutekjur svaranda og maka (ef við á) fyrir skatt eftir hjúskaparstöðu.	23
Tafla 21. Hversu auðvelt eða erfitt er fyrir heimilið að ná endum saman eftir kyni og hjúskaparstöðu.	24
Tafla 22. Hefur fjárhagsstaða komið í veg fyrir að hægt væri að nýta eftirfarandi þjónustu fyrir barn síðastliðna 12 mánuði eftir kyni og hjúskaparstöðu.	25
Tafla 23. Hversu vel eða illa gengur að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf eftir kyni.	26
Tafla 24. Hversu vel eða illa gengur að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf eftir hjúskaparstöðu.	27
Tafla 25. Hversu vel eða illa gengur að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf eftir kyni og starfsgrein.	28
Tafla 26. Hversu oft hefur þú áhyggjur af verkefnum heimilisins og umönnun barna þegar þú ert í vinnunni eftir kyni.	28
Tafla 27. Hversu oft hefur þú áhyggjur af verkefnum heimilisins og umönnun barna þegar þú ert í vinnunni eftir hjúskaparstöðu.	29
Tafla 28. Hversu oft hefur þú áhyggjur af verkefnum heimilisins og umönnun barna þegar þú ert í vinnunni eftir kyni og atvinnugrein.	30
Tafla 32. Hversu vel eða illa gengur fjölskyldunni að bregðast við frí- og starfsdögum í skólastarfi barna eftir kyni.	31
Tafla 33. Hversu vel eða illa gengur fjölskyldunni að bregðast við frí- og starfsdögum í skólastarfi barna eftir stöðu á vinnumarkaði.	32
Tafla 34. Hversu vel eða illa gengur fjölskyldunni að bregðast við frí- og starfsdögum í skólastarfi barna eftir hjúskaparstöðu.	32
Tafla 35. Hvernig tekist er á við frí- og starfsdaga í skólastarfi barna eftir kyni.	33
Tafla 36. Hvernig tekst maki á við frí- og starfsdaga í skólastarfi barna eftir kyni.	33
Tafla 37. Umönnun barna eftir 12 mánaða aldur eftir kyni (fyrir hvert barn).	35
Tafla 38. Sammála eða ósammála að tekið sé tillit til ábyrgðar á fjölskyldu á vinnustaðnum eftir kyni.	36
Tafla 39. Sammála eða ósammála að tekið sé tillit til ábyrgðar á fjölskyldu á vinnustaðnum eftir hjúskaparstöðu.	36
Tafla 40. Sammála eða ósammála að tekið sé tillit til ábyrgðar á fjölskyldunni á vinnustaðnum eftir kyni og atvinnugrein.	38
Tafla 41. Sammála eða ósammála að hafa valið starfsvettvang til að auðvelða að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf eftir kyni.	39
Tafla 42. Sammála eða ósammála að hafa valið starfsvettvang til að auðvelða að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf eftir hjúskaparstöðu.	39
Tafla 43. Sammála eða ósammála að hafa valið starfsvettvang til að auðvelða að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf eftir kyni og atvinnugrein.	41

Tafla 44. Sammála eða ósammála að vinnutími geri kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf eftir kyni.....	42
Tafla 45. Sammála eða ósammála að vinnutími geri kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf eftir hjúskaparstöðu.....	42
Tafla 46. Sammála eða ósammála að vinnutími geri kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf eftir kyni og atvinnugrein.....	44
Tafla 29. Hversu oft áhyggjur af vinnutengdum verkefnum þegar þú ert ekki í vinnunni eftir kyni.	45
Tafla 30. Hversu oft áhyggjur af vinnutengdum verkefnum þegar þú ert ekki í vinnunni eftir hjúskaparstöðu.	45
Tafla 31. Hversu oft áhyggjur af vinnutengdum verkefnum þegar þú ert ekki í vinnunni eftir kyni og starfsgrein.....	47
Tafla 47. Hver hefur frumkvæði að samskiptum við skóla barna eftir kyni.	48
Tafla 48. Við hvern hefur skóli samband ef eitthvað kemur upp í skólastarfi hjá barni eftir kyni.	48
Tafla 49. Mikill eða lítil þrýstingur frá leikskóla um að koma ekki með barn á leikskólann þrátt fyrir að hann sé opinn eftir kyni.....	49
Tafla 50. Mikill eða lítil þrýstingur frá leikskóla um að koma ekki með barnið á leikskólann þrátt fyrir að hann sé opinn eftir stöðu á vinnumarkaði.....	50
Tafla 51. Mikill eða lítil þrýstingur frá öðrum en leikskóla um að koma ekki með barn í leikskólann þrátt fyrir að hann sé opinn eftir kyni.	51
Tafla 52. Mikill eða lítil þrýstingur frá öðrum en leikskóla um að koma ekki með barnið á leikskólann þrátt fyrir að hann sé opinn eftir stöðu á vinnumarkaði.	52
Tafla 53. Sterkt eða veikt félagslegt bakland eftir kyni og hjúskaparstöðu.	53
Tafla 54. Barnapössun eftir kyni og hjúskaparstöðu.....	54
Tafla 55. Hver aðstoðar með barnapössun.	54

Helstu niðurstöður

Niðurstöður könnunarinnar sem var lögð fyrir foreldra barna á aldrinum 12 mánaða til 12 ára sýna að:

- **Helsta ástæða þess að mæður eru í hlutastarfi er til að auðvelda samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs**
 - Yfirgnæfandi meirihluti feðra er í fullu starfi (96%) en hlutfallið er umtalsvert lægra meðal mæðra (68%)
- **Konur bera meiri ábyrgð á umönnun barna eftir að fæðingarorlofi líkur**
 - Um fimmtungur kvenna hafði lengt fæðingarorlofið sitt en það er mun hærra hlutfall en meðal karla
- **Frí- og starfsdagar í skólastarfi barna hafa mismunandi áhrif á foreldra eftir sambúðarformi og stöðu á vinnumarkaði**
 - Hærra hlutfalli einhleypra foreldra en sambúðarforeldra gengur illa að bregðast við frí- og starfsdögum í skólastarfi barna
 - Hærra hlutfall kvenna en karla nota orlofsdaga, taka launalaust leyfi, taka barn með í vinnu og vinna heima og sinna barni samhliða
- **Ríflega 4 af hverjum 10 konum hafa daglega áhyggjur af verkefnum heimilisins og umönnun barna þegar þær eru í vinnunni en sama á við um mun lægra hlutfall karla**
 - Hærra hlutfall sambúðarfólks en einhleypra foreldra hefur daglega og nokkrum sinnum í viku slíkar áhyggjur
 - Helmingur karla í ósérhæfðum störfum hefur daglega áhyggjur
- **Konur hafa í meira mæli en karlar valið sér starfsvettvang til þess að auðvelda samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs**
- **Konur sjá að mun meira leiti um samskipti við skóla og frístund**
 - 8 af hverjum 10 konum sjá annaðhvort alfarið eða að mestu leiti um samskipti við skóla samanborið við 1 af hverjum 10 körlum
 - Þegar eitthvað kemur upp í skólastarfi er í mun meira mæli haft samband við konur en karla af hálfu skólakerfisins
- **Tæplega 3 af hverjum 10 finna fyrir þrýsting af hálfu leikskóla um að koma ekki með barn á leikskóla þrátt fyrir að hann sé opinn**
 - Þau sem eru í fæðingarorlofi finna í mestum mæli fyrir slíkum þrýsting, því næst þau sem eru sjálfstætt starfandi og þá í launuðu starfi.
- **Fjárhagsstaða einhleypra foreldra er mun verri en sambúðarfólks**
 - 4 af hverjum 10 einhleypum mæðrum hafa ekki efni á sumarnámskeiði eða sumarþúðum fyrir börn
 - Tæplega 3 af hverjum 10 einhleypum mæðrum hafa ekki efni á íþróttastarfi og tómstundum fyrir börnin sín

1 Inngangur

Þrátt fyrir eina mestu atvinnuþátttöku íslenskra kvenna í heiminum (The World Bank, 2021) og að Ísland komi vel út í alþjóðlegum samanburði á jafnrétti kynjanna (The World Economic Forum, 2021) bera konur enn þá meiri þunga af vinnuálagi vegna heimilisstarfa og barnauppeldis en karlar (Rafnsdóttir & Heijstra, 2013; Rafnsdóttir & Júlíusdóttir, 2018; Þóra Kristín Þórsdóttir, 2012). Á undanförnum áratugum hefur orðið framþróun í stöðu kvenna á vinnumarkaði sem nú til dags geta stundað nám, sinnt ábyrgðarstöðum og unnið að starfsframa til jafns við karla, en það gerist þó enn á menningarlegum forsendum karllægra gilda og viðmiða. Ólíkt svigrúm kvenna og karla til að stjórna sínum eigin tíma og finna jafnvægi milli launaðrar vinnu og heimilislífs er lýsandi birtingarmynd þess (Bryson, 2007).

Jafnvægi milli fjölskyldu- og atvinnulífs (e. work-family balance) hefur verið í brennidepli á undanförunum árum og miða rannsóknir að því að kanna með víðtækum hætti áhrif slíks jafnvægis eða ójafnvægis, á starfsfólk hinna ýmsu starfsstétta með tilliti til heilsu, velferðar, starfsánægju og jafnréttis (Brough, Timms, Chan, Hawkes, & Rasmussen, 2020; Cleveland, Fisher, & Sawyer, 2015). Jafnvægi milli fjölskyldu- og atvinnulífs vísar til þess að einstaklingar geti svo vel sé uppfyllt og samþætt þær kröfur sem þeir upplifa að séu gerðar til þeirra varðandi fjölskyldu- og heimilislíf annars vegar og atvinnulíf hins vegar (Brough et al., 2020; Hjálmsdóttir & Einarsdóttir, 2019).

Konur þurfa almennt að vera fleiri daga frá vinnu vegna veikinda barna og eru í mun meira mæli í hlutastörfum til að samræma betur vinnu og heimilislíf. Það leiðir af sér að minni tími og færri tækifæri gefast konum til að þróa sig í starfi og taka þátt á vettvangi stjórn- og efnahagsmála, líkt og kveðið er á um að skuli stuðla að í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna (Stjórnarráð Íslands, 2018). Það hefur jafnframt áhrif á tekjumöguleika þeirra en árlegar meðal atvinnutekjur kvenna eru 21,2% lægri karla (Hagstofa Íslands, 2022).

Jafnvægi fjölskyldu- og atvinnulífs

Fjöldi rannsókna hefur á undanförunum árum sýnt að jafnvægi á milli fjölskyldu- og atvinnulífs (og að sama skapi skortur þar á) geti haft afgerandi heilsufarsleg áhrif, bæði andleg og líkamleg. Auk þess hafa rannsóknir sýnt að gott jafnvægi milli atvinnu- og fjölskyldulífs eykur starfsánægju og vinnugetu fólks (Casey & Grzywacz, 2008; Estryn-Béhar, Van der Heijden, & Group, 2012;

Grzywacz, Butler, & Almeida, 2008; Medina-Garrido, Biedma-Ferrer, & Ramos-Rodríguez, 2017; Zheng, Molineux, Mirshekary, & Scarparo, 2015).

Oft og tíðum fylgja því áskoranir að samræma atvinnu- og fjölskyldulíf, ekki síst þegar börn eru á heimilinu. Vinnufyrirkomulag og kröfur vinnustaða eiga til að samræmast illa fjölskyldulífi og þeirri ábyrgð sem fylgir umönnun og þátttöku í lífi barna (Christensen, Schneider, & Butler, 2011). Sérstaklega geta skapast erfiðleikar þegar fólk hefur yfir takmörkuðum sveigjanleika að ráða í störfum sínum en þarf engu að síður að mæta ósveigjanlegri dagskrá leik- og grunnskólastarfsins en einnig öðrum, bæði fyrirsjáanlegum og ófyrirsjáanlegum þörfum barna sinna (Christensen et al., 2011).

Aðstæður vinnandi foreldra geta verið mjög misjafnar og slíkt hið sama á við um sveigjanleika varðandi vinnutíma sem getur verið einna minnstur í láglaunastörfum (Swanberg, Watson, & Eastman, 2014). Eins getur vakta- og helgarvinna reynst fólki erfið þegar kemur að því að mæta dagskrá leik- og grunnskólanna (Williams, 2008). Þrátt fyrir að frístundaheimili bjóði uppá dvöl fyrir börn gegn nokkuð hóflegu gjaldi í samanburði við önnur úrræði, líkt og sumarnámskeið á vegum einkaaðila, er það ekki á færi allra að nýta sér slíka þjónustu. Í nýlegri könnun Vörðu á stöðu launafólks í landinu nefndu 3,7% kvenna og 3,8% karla að fjárskortur síðastliðna tólf mánuði hefði komið í veg fyrir að þau gætu greitt fyrir frístund. Meðal einhleypra foreldra var staðan enn verri (Varða – Rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins, 2023). Þeir foreldrar sem ekki hafa ráð á því að taka sér frí frá vinnu eða greiða fyrir umönnun barna sinna þá daga sem leik- og grunnskólar eru lokaðir, þurfa að grípa til annarra úrræða. Í þeim tilfellum sem fólk getur stólað á fjölskyldu, ættingja eða vini til að hlaupa í skarðið eru það, samkvæmt bandarískri rannsókn, í langflestum tilfellum ömmur barnanna sem það gera (sem einnig í sumum tilfellum þurfa sjálfar að taka sér frí frá vinnu), en einnig leggst það gjarnan á herðar eldri systkina að hugsa um yngri systkini sín (Christensen et al., 2011).

Ólík staða karla og kvenna innan fjölskyldunnar

Þegar börn veikjast og komast ekki til skóla, þurfa foreldrar að bregðast við með því að taka sér sjálf frí frá vinnu og vera heima með barninu og þurfa foreldrarnir að koma sér saman um hver verður heima (Boye, 2015). Rannsóknir hafa sýnt að bæði tekjur og menntun geta haft nokkur áhrif á „samningsstöðu“ einstaklinga innan parasambanda þegar kemur að því að semja um tíma sinn og það hvor aðilinn taki á sig verkefni eins og meginþungann af heimilisstörfunum sem og hvort tekur oftast á sig að vera heima með veikt barn (Boye, 2015; Thoresson, 2020). Sá maki sem

þénar minna er líklegur til að hafa lakari samningstöðu en sá sem þénar meira. Fjölmargar rannsóknir benda til þess að í gagnkynhneigðum parasamböndum eyði konur að jafnaði meiri tíma í barnauppleði og heimilisstörf en karlar (Alonso-Domínguez, Callejo, & Díaz-Méndez, 2020; Kan et al., 2011; Moreno-Colom, 2017; Treas, 2010). Þær eru einnig oftast heima með veik börn, en sænsk rannsókn frá 2015 sýnir að mæður með börn á leik- og grunnskólaaldri bera að jafnaði ábyrgð á 2/3 hluta þeirra daga sem börn þeirra eru veik heima (Boye, 2015).

Ekki er óalgennt að þör sem hefja sambúð, taki síendurtekið ákvarðanir sem hygla körlunum og þeirra starfsframa. Með öðrum orðum, stuðla þessar kynjuðu og hefðbundnu ákvarðanatökur að endursköpun kynbundins valds í samböndum þar sem körlunum er til að mynda gert kleift að vinna lengri vinnudag, þróa starfsframa sinn og auka tekjur sínar, á meðan konur þeirra taka á sig meginhluta heimilisábyrgðarinnar (Everingham, 2002; Hochschild, 1997; Hochschild & Machung, 2012). Einnig gefa rannsóknir til kynna að karlar hafi almennt meira svigrúm og ríkara tilkall til þess að stjórna eigin tíma en konur (Bryson, 2007; Hochschild, 1997; Staub & Heijstra, 2021; Staub & Rafnsdóttir, 2020). Önnur birtingamynd þessa endurspeglast í fjölda kvenna umfram karla sem eru í hlutastarfi til þess að hægt sé að mæta þörfum fjölskyldunnar og heimilisins (Rafnsdóttir & Weigt, 2019). Algennt er að í löndum þar sem atvinnuþátttaka kvenna er mikil, eins og t.d. á Norðurlöndunum, sé hlutfall kvenna sem vinni hlutastörf einnig hátt (Mandel & Semyonov, 2005). Sama mynstur er til staðar á Íslandi, en mun algengar er að konur vinni hlutastörf en karlar. Um 31% starfandi kvenna en 8,7% starfandi karla á aldrinum 25-64 ára unnu hlutastörf árið 2020 (Hagstofa Íslands, 2021).

Í norrænni samburðarrannsókn frá árinu 2014 kemur fram að algengasta ástæðan fyrir því að konur vinna hlutastörf er sú ábyrgð sem þær taka á fjölskyldunni. Um þriðjungur hlutastarfandi kvenna gefur þá ástæðu. Þegar svör karla eru skoðuð kemur í ljós að enginn þeirra valdi sér hlutastarf vegna fjölskylduáðstæðna. Almennt virðast karlar fremur vinna hlutastörf vegna menntunar, eigin heilsu eða annarra ástæðna. Aðrar rannsóknir sem ná til fólks í hlutastörfum í öðrum Evrópulöndum sýna sömu niðurstöður, um þriðjungur kvenna vinnur hlutastarf vegna fjölskylduábyrgðar en einungis um sex prósent karla (Drange & Egeland, 2014).

Sænsk rannsókn Thoresson (2020) sýnir áhrif tekna á samningsstöðu kvenna við maka sína en í rannsókninni voru skoðuð áhrif launahækkana meðal kennara, sem eru að stórum hluta kvennastétt í Svíþjóð. Árið 2013 áttu sér stað talsverðar launahækkanir hjá kennarastéttinni við gerð kjarasamninga. Rannsóknin leiddi í ljós að launamunur milli þeirra maka/hjóna, sem nutu

góðs af þessum launahækkunum, dróst saman um 32% og líkurnar á því að konan yrði tekjuhærrí en mað jukust um 30%. Launahækkanir kvennastéttarinnar breyttu einnig samningsstöðunni milli maka, en áberandi varð að konur sem fengu launahækkun tóku færri orlofsdaga með börnum sínum á meðan makar þeirra fjölguðu dögnum.

Þegar litið er til ungs fólks sést að samræming atvinnu- og fjölskyldulífs getur reynst ungunum konum sérstaklega erfið. Ungt fólk er oft tekjulægra og því minna um bjargir eða úrræði, ef það hefur ekki bakland svo sem fjölskyldu til að treysta á. Rannsóknir sem gerðar hafa verið meðal ungs fólks í Evrópu sýna að ungar konur eiga á mun meiri hættu en aðrir hópar að lenda utan vinnnumarkaðar og menntakerfis, eða í svokölluðum NEET-hóp (e. Not in education, employment, or training), eftir barnsburð og að vera í hópnum til lengri tíma (Brzinsky-Fay, 2022; Danner, Giret, Guegnard, Jongbloed, & Joseph, 2022). Í rannsókn sinni á þýska NEET hópnum, bendir Brzinsky-Fay (2022) á að NEET vandamálið sé sérstaklega vandamál meðal ungra mæðra í Þýskalandi þar sem velferðarkerfið er enn mjög kynbundið í anda hugmynda um fyrirvinnuhlutverk karla (e. bread-winner system). Í skýrslu sem Varða – Rannsóknarstofnun vinnnumarkaðarins (2021) gerði á stöðu NEET einstaklinga á Íslandi, kom í ljós að einhleypir foreldrar voru lang líklegastir til að tilheyra NEET-hópnum.

2 Aðferð

Markmið rannsóknarinnar var að kanna stöðu foreldra á Íslandi með börn á aldrinum 12 mánaða til 12 ára og möguleika þeirra til að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Spurningalisti var unninn af starfsfólki Vörðu og Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands.

2.1 Fyrirlögn

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands sá um fyrirlögn könnunarinnar. Spyrjar hringdu í þau sem voru í þjóðskrárártaki og buðu þeim að taka þátt í könnuninni. Þau sem þáðu boðið fengu senda könnunina á netfang. Spyrjar hringdu aftur í þau sem höfðu samþykkt þátttöku en ekki svarað könnuninni. Fyrirlögnin fór fram frá 14. júní til 30. ágúst 2023. Könnunin var einnig send á þátttakendur í netpanel Félagsvísindastofnunar í gegnum tölvupóst og var lögð fyrir á tímabilinu 10.-31. ágúst 2023.

2.2 Svarhlutfall

Í heildarúrtakinu var 4.891 einstaklingur og voru úrtökin tvö. Annars vegar þjóðskrárártak meðal 1.500 foreldra með íslenskt ríkisfang sem áttu börn á aldrinum 12 mánaða til 12 ára. 306 þeirra svöruðu og var svarhlutfallið því 20%. Hins vegar var könnunin send á þátttakendur í netpanel Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands. Panelúrtakið var 3.391 einstaklingur, þar af svöruðu 1.278 en 502 þeirra áttu ekki börn á tilteknu aldursbili og var heildarfjöldi svara 776 eða 27% svarhlutfall.

2.3 Vigtun gagna

Vigtað var eftir kyni, aldri, búsetu og menntun þar sem yngsti aldurshópurinn og fólk með grunnskólamenntun endurspegladi ekki þýðið fullkomlega. Vigtað var eftir gögnum frá Hagstofu Íslands.

2.4 Marktæknipróf

Persons kí-kvaðrat próf (χ^2) var notað til að reikna út tölfræðilega marktækni. Prófið metur hvort marktækur munur er á milli mismunandi hópa í tíðnitöflum. Miðað var við 95% vikiörk, * = $p < 0,05$, ** = $p < 0,01$.

3 Niðurstöður

Fjallað er um niðurstöður könnunarinnar í átta köflum. Fyrst (3.1) er fjallað um stöðu foreldra á vinnumarkaði og því næst (3.2) um fjárhagsstöðu og kostnað við frístundir og barnapössun. Þá tekur við kafli (3.3) um samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs og í framhaldi kafli (3.4) um frí- og starfsdaga barna í leik- og grunnskólum og þær úrlausnir sem foreldrar ráðast í til að bregðast við þeim. Kafli 3.5 sýnir með hvaða hætti umönnun barna er háttáð eftir að fæðingarorlofi lýkur því næst er kafli (3.6) um viðhorf vinnustaða foreldranna til samþættingar fjölskyldu- og atvinnulífs. Þá er kafli (3.7) um samskipti foreldra við skóla barnanna og í síðasta kaflanum (3.8) er félagslegt bakland foreldra þegar kemur að umönnun barna skoðað. Í könnuninni voru þau sem eru í sambúð spurð hvort þau væru í gagnkynja eða samkynja parasambandi. Vegna þess hve fáir svarendur voru í samkynja parasambandi var ekki unnt að greina stöðu þeirra sérstaklega og eiga því niðurstöðurnar við um fólk í gagnkynja parasambandi.

Tafla 1 sýnir lýðfræðilega samsetningu foreldra 1-12 ára barna eftir kyni. Ríflega helmingur svarenda eru konur (56,8%) og tæplega helmingur karlar (43,2%). Flestir svarendur eru á aldrinum 31-40 ára eða 47,2%, þá á aldursbilinu 41 árs eða eldri eða 41% en fæstir svarendur voru á aldrinum 30 ára og yngri eða 11,8%. Á aldurdreifingunni er þó kynjaður munur en hlutfallslega flestar kvennanna sem svöruðu eru á aldrinum 31-40 ára á meðan karlarnir eru hlutfallslega flestir 41 árs eða eldri. Eins eru hlutfallslega fleiri konur 30 ára og yngri sem svöruðu könnuninni en karlar á sama aldursbili.

Stærstur hluti svarenda er í gagnkynja parasambandi eða 90,1%. Hlutfall þeirra sem er í samkynja parasambandi er 0,9% og 9% eru einhleypir foreldrar. Á fjölskylduforminu má einnig finna kynjaðan mun. Hlutfallslega fleiri karlar eru í gagnkynja parasambandi en konur (93,7% á móti 87,4%) og að sama skapi eru fleiri konur í samkynja parasambandi en karlar (1,3% á móti 0,4%). Eins eru hlutfallslega fleiri einhleypar mæður meðal svarenda en einhleypir feður (11,3% á móti 5,9%).

Hlutfallslega flestir eru með tvö börn á aldrinum 1-12 ára á heimili eða 44,4% og því næst er algengast að vera með eitt barn á heimili eða í 39,9%. Hlutfallslega færri eru með þrjú börn á heimili (13,8%) og fæstir eru með fjögur eða fleiri börn á heimili (1,9%).¹

¹ Í mörgum tilfellum eru svarendur með fleiri börn á framfæri en það sem fram kemur í töflunni, þó ekki á tilgreindu aldursbili.

Flestir svarendur í könnuninni eða 53,4% eru með menntun á háskólastigi, næst stærsti hópurinn 30,5% er með menntun á framhaldsskólastigi eða með iðnmenntun. Hlutfallslega fæstir svarendur eru með menntun á grunnskólastigi eða 16,1%. Á dreifingu menntunar má einnig finna kynjaðan mun en hlutfallslega fleiri konur eru háskólamenntaðar (59,8% á móti 45,1%) samanborið við karla. Að sama skapi eru hlutfallslega fleiri karlar en konur með menntun á framhaldsskólastigi eða iðnmenntun (36,1% á móti 26,3%) og menntun á grunnskólastigi (18,9% á móti 13,9%). Meirihluti svarenda býr á höfuðborgarsvæðinu eða 63,4% en 36,6% býr á landsbyggðunum.

Hæst hlutfall svarenda er í launuðu starfi eða 77,4%. Því næst eru 11,6% sjálfstætt starfandi eða atvinnurekendur. Þá eru 4,4% svarenda á örorkulífeyri og 2,7% í fæðingarorlofi. Lægra hlutfall er heimavinnandi (1,1%), í námi (0,7%) og í atvinnuleit (0,6%). Karlar eru í nokkuð meira mæli sjálfstætt starfandi eða atvinnurekendur (17,2% á móti 7,3%). Einungis konur eru heimavinnandi (1,9% á móti 0%) en konur eru einnig í meira mæli á örorkulífeyri (6,8% á móti 1,4%) og í fæðingarorlofi (3,8% á móti 1,1%).

Þegar litið er til stöðu maka svarenda á vinnumarkaði má sjá að 80,1% maka eru í launuðu starfi og 12,8% þeirra eru sjálfstætt starfandi eða atvinnurekendur. Mun lægra hlutfall er í námi (2,3%), á örorkulífeyri (1,5%), í fæðingarorlofi (1,4%), í atvinnuleit (0,8%) og heimavinnandi (0,4%). Nokkuð hærra hlutfall maka karlanna er í námi (4,8% á móti 0,2%), á örorkulífeyri (2,6% á móti 0,6%), í fæðingarorlofi (2,6% á móti 0,4%) og heimavinnandi (1% á móti 0%) samanborið við maka kvenna.

Tafla 1. Lýðfræðileg samsetning foreldra 1-12 ára barna eftir kyni.

	Konur	Karlar	Samtals	N	P-gildi
<i>Kyn</i>	56,8%	43,2%	100%	1078	
<i>Aldur</i>					
30 ára og yngri	16,5%	5,6%	11,8%	1078	0,000**
31 – 40 ára	48,9%	45,1%	47,2%		
41 árs og eldri	34,6%	49,4%	41,0%		
<i>Fjölskyldustaða</i>					
Í gagnkynja parasambandi	87,4%	93,7%	90,1%	1070	0,003**
Í samkynja parasambandi	1,3%	0,4%	0,9%		
Einhleypir foreldrar	11,3%	5,9%	9,0%		
<i>Börn á heimili</i>					
Eitt barn	41,9%	37,3%	39,9%	1078	0,119
Tvö börn	44,5%	44,3%	44,4%		
Þrjú börn	11,8%	16,5%	13,8%		
Fjögur eða fleiri börn	1,8%	1,9%	1,9%		
<i>Menntun</i>					
Grunnskólanám eða sambærilegt	13,9%	18,9%	16,1%	1002	0,000**
Framhaldskólastig/iðnmenntun	26,3%	36,1%	30,5%		
Háskólanám	59,8%	45,1%	53,4%		
<i>Búseta</i>					
Höfuðborgarsvæðið	64,4%	62,0%	63,4%	1078	0,425
Landsbyggðir	35,6%	38,0%	36,6%		
<i>Staða á vinnumarkaði</i>					
Í launuðu starfi	76,4%	78,6%	77,4%	1012	0,000**
Sjálfstætt starfandi /Atvinnurekandi	7,3%	17,2%	11,6%		
Í námi og ekki í vinnu	1,0%	0,2%	0,7%		
Á örorkulífeyri	6,8%	1,4%	4,4%		
Atvinnuleitandi	0,5%	0,7%	0,6%		
Í fæðingarorlofi	3,8%	1,1%	2,7%		
Heimavinnandi	1,9%	0%	1,1%		
Annað	2,3%	0,7%	1,6%		
<i>Staða maka á vinnumarkaði</i>					
Í launuðu starfi	82,5%	77,2%	80,1%	924	0,000**
Sjálfstætt starfandi /Atvinnurekandi	14,6%	10,6%	12,8%		
Í námi og ekki í vinnu	0,2%	4,8%	2,3%		
Á örorkulífeyri	0,6%	2,6%	1,5%		
Atvinnuleitandi	1,2%	0,2%	0,8%		
Í fæðingarorlofi	0,4%	2,6%	1,4%		
Heimavinnandi	0%	1,0%	0,4%		
Annað	0,6%	1,0%	0,8%		

3.1 Staða foreldra á vinnumarkaði

Staða foreldra á vinnumarkaði var metin út frá ýmsum þáttum. Spurt var annars vegar um stöðu á vinnumarkaði og hins vegar um stöðu maka, þegar um sambúðarfólk var að ræða. Spurt var um í hverju aðalstarf felst, hvar er starfað, vinnufyrirkomulag, fjölda yfirvinnustunda, starfshlutfall og ástæður fyrir skertu starfshlutfalli. Niðurstöðurnar voru greindar eftir kyni og þegar við á með tilliti til aðalstarfs.

Tafla 2 sýnir að töluvert herra hlutfall karla en kvenna starfar á almennum vinnumarkaði (71,5% á móti 39,4%). Á hinn bóginn starfa konur í meira mæli hjá hinu opinbera. Þannig starfa 25,2% kvenna hjá ríki en 10,4% karlar. Einnig er mun herra hlutfall kvenna en karla sem starfa hjá sveitarfélögum (26,7% á móti 8,2%). Nokkuð svipað hlutfall kvenna og karlar starfa hjá félagasamtökum, sjálfseignarstofnunum eða opinberum hlutfélögum í meirihlutaeigu ríkis eða sveitarfélaga (7,4% og 7,2%).

Tafla 2. Staða á vinnumarkaði eftir kyni.

	Konur	Karlar	Öll	<i>P</i> -gildi
Hjá einkareknu fyrirtæki	39,4%	71,5%	54,4%	0,000**
Hjá ríki	25,2%	10,4%	18,3%	<i>N</i> = 886
Hjá sveitarfélagi	26,7%	8,2%	18,1%	
Hjá opinberu hlutafélagi í meirihlutaeigu ríkis eða sveitarfélaga/ sjálfseignarstofnun/ félagasamtök	7,4%	7,2%	7,3%	
Veit ekki	0,8%	1,4%	1,1%	
Vil ekki svara	0,4%	1,2%	0,8%	

Sambúðarfólk var spurt hvort makar þeirra ynnu hjá einkareknu fyrirtæki eða hjá hinu opinbera og eru niðurstöðurnar birtar í töflu 3. Nær helmingur maka karlanna (48,7%) starfa á almennum vinnumarkaði en 76,5% maka kvennanna gera slíkt hið sama. Makar karlanna starfa hins vegar í meira mæli hjá hinu opinbera. Þannig starfa 19,2% maka karlanna hjá ríki en 9% maka kvennanna. Eins starfar herra hlutfall maka karlanna hjá sveitarfélögum (27,6% á móti 8,6%). Nokkuð svipað hlutfall starfar hjá félagasamtökum, sjálfseignarstofnunum eða opinberum hlutfélögum í meirihlutaeigu ríkis eða sveitarfélags (3,9% og 3,6%).

Tafla 3. Staða maka á vinnumarkaði eftir kyni.

	Makar kvenna	Makar karla	Öll	P-gildi
Hjá einkareknu fyrirtæki	76,5%	48,7%	64,7%	0,000**
Hjá ríki	9,0%	19,2%	13,3%	N = 848
Hjá sveitarfélagi	8,6%	27,6%	16,6%	
Hjá opinberu hlutafélagi í meirihlutaeigu ríkis eða sveitarfélaga/ sjálfseignastofnun/ félagasamtök	3,9%	3,6%	3,8%	
Veit ekki	1,0%	0%	0,6%	
Vil ekki svara	1,0%	0,8%	0,9%	

Tafla 4 sýnir starfsgreinar svarenda greindar eftir kyni. Nokkuð hærra hlutfall karla en kvenna starfar sem stjórnendur, kjörnir fulltrúar eða æðstu embættismenn (20,2% á móti 10,8%). Hins vegar starfa konur í meira mæli sem sérfræðingar með háskólapróf (47,6% á móti 29,9%). Einnig er nokkuð hærra hlutfall kvenna sem starfar í þjónustu-, umönnun-, sölu- og afgreiðslustörfum (16,6% á móti 6,7%) og í skrifstofustörfum (10,2% á móti 1%). Karlar starfa á hinn bóginn í meira mæli sem iðnaðarmenn eða við önnur sérhæfð iðnverkastörf (15,2% á móti 1,7%). Engin kona starfar sem bílstjóri eða við véla- og vélgæslu en 5,5% karlanna eru í slíkum störfum.

Tafla 4. Starfsgrein eftir kyni.

	Konur	Karlar	Öll	P-gildi
Stjórnendur, kjörnir fulltrúar og æðstu embættismenn	10,8%	20,2%	15,2%	0,000**
Sérfræðingar með háskólapróf	47,6%	29,9%	39,3%	N = 886
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	6,4%	8,9%	7,6%	
Skrifstofufólk	10,2%	1,0%	5,9%	
Þjónustu-, umönnunar-, sölu- og afgreiðslufólk	16,6%	6,7%	12,0%	
Bændur og fiskimenn	1,1%	6,0%	3,4%	
Iðnaðarmenn og sérhæft iðnverkafólk	1,7%	15,2%	8,0%	
Bílstjórar, véla- og vélgæslufólk	0%	5,5%	2,6%	
Ósérhæft starfsfólk	1,7%	3,4%	2,5%	
Annað	3,0%	2,7%	2,8%	
Veit ekki	0,8%	0%	0,5%	
Vil ekki svara	0,2%	0,5%	0,3%	

Sambúðarfólk var spurt í hverju aðalstarf maka fælist og eru niðurstöðurnar birtar í töflu 5, greindar eftir kyni. Nokkuð svipað hlutfall maka karlanna og kvennanna starfar sem stjórnendur, kjörnir fulltrúar eða æðstu embættismenn (13,9% og 12,2%). Hins vegar starfa makar karlanna í meira mæli sem sérfræðingar með háskólapróf (51,1% á móti 28,8%). Einnig er hærra hlutfall maka karlanna sem starfar við þjónustu-, umönnun-, sölu- og afgreiðslustörf (15,6% á móti 8,8%) og skrifstofustörf (9,2% á móti 2%). Makar kvennanna starfa á hinn bóginn í meira mæli sem iðnaðarmenn eða við önnur sérhæfð iðnverkastörf (17,8% á móti 1,4%). Enginn maki karlanna starfar sem bílstjóri eða við véla- og vélgæslu en 7,1% maka kvennanna starfa við slík störf.

Tafla 5. Starfsgrein maka eftir kyni.

	Makar kvenna	Makar karla	Öll	P-gildi
Stjórnendur, kjörnir fulltrúar og æðstu embættismenn	13,9%	12,2%	13,2%	0,000**
Sérfræðingar með háskólapróf	28,8%	51,1%	38,2%	N = 850
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	9,2%	3,6%	6,8%	
Skrifstofufólk	2,0%	9,2%	5,1%	
Þjónustu-, umönnunar-, sölu- og afgreiðslufólk	8,8%	15,6%	11,6%	
Bændur og fiskimenn	6,3%	2,8%	4,8%	
Iðnaðarmenn og sérhæft iðnverkafólk	17,8%	1,4%	10,8%	
Bílstjórar, véla- og vélgæslufólk	7,1%	0%	4,1%	
Ósérhæft starfsfólk	1,6%	2,2%	1,9%	
Annað	3,5%	1,4%	2,6%	
Veit ekki	0%	0,3%	0,1%	
Vil ekki svara	1,0%	0,3%	0,7%	

Foreldrarnir voru spurðir hvort þau ynnu dagvinnu eða vaktavinnu og eru niðurstöðurnar birtar í töflu 6. Meirihluti bæði kvenna og karlar vinna dagvinnu en þó er hlutfallið hærra meðal kvenna (83,9% á móti 77,3%). Talsvert lægra hlutfall kvenna og karlar vinnur vaktavinnu (11,3% og 14,7%). Ekki er þó um að ræða marktækan mun milli kynjanna samkvæmt marktæktarprófi (p -gildi = 0,082).

Tafla 6. Vinnufyrirkomulag eftir kyni.

	Konur	Karlar	Öll	P-gildi
Dagvinnu	83,9%	77,3%	80,8%	0,082
Vaktavinnu	11,3%	14,7%	12,9%	N = 885
Annað	4,5%	7,5%	5,9%	
Vil ekki svara	0,4%	0,5%	0,5%	

Sambúðarfólk var einnig spurt hvort makar þeirra ynnu dagvinnu eða vaktavinnu og eru niðurstöðurnar birtar í töflu 7. Meirihluti maka kvenna og karla vinnur dagvinnu en þó er hlutfallið ögn hærra meðal maka karla (83,3% á móti 76,2%). Talsvert lægra hlutfall þeirra vinnur vaktavinnu en þó vinna makar kvenna í meira mæli vaktavinnu en makar karlanna (16,2% og 11,7%).

Tafla 7. Vinnufyrirkomulag maka eftir kyni.

	Makar kvenna	Makar karla	Öll	P-gildi
Dagvinnu	76,2%	83,3%	79,2%	0,048*
Vaktavinnu	16,2%	11,7%	14,3%	N = 848
Annað	7,0%	3,9%	5,7%	
Veit ekki	0,2%	0,8%	0,5%	
Vil ekki svara	0,4%	0,3%	0,4%	

Tafla 8 sýnir starfshlutfall foreldranna. Nokkurn kynjamun má sjá þegar litið er til starfshlutfalls mæðra og feðra. Yfirgnæfandi meirihluti feðra er í fullu starfi og er hlutfallið talsvert hærra en meðal mæðra (95,9% á móti 67,8%). Algengara er meðal mæðra að vera í skertu hlutfalli en 12,5% kvennanna er í 81%-99% starfshlutfalli og 10,6% þeirra eru í 61%-80% starfshlutfalli.

Tafla 8. Starfshlutfall eftir kyni.

	Konur	Karlar	Öll	P-gildi
1%-20%	0,4%	0,2%	0,3%	0,000**
21%-40%	1,3%	0,2%	0,8%	N = 884
41%-60%	6,1%	1,0%	3,7%	
61%-80%	10,6%	1,0%	6,1%	
81%-99%	12,5%	1,2%	7,2%	
100%	67,8%	95,9%	80,9%	
Veit ekki	0,6%	0,2%	0,5%	
Vil ekki svara	0,6%	0,2%	0,5%	

Sambúðarfólk var einnig spurt að því í hversu háu starfshlutfalli makar þeirra væru í þeirra aðalstarfi. Niðurstöðurnar eru birtar í töflu 9. Hér má sjá nokkuð svipað mynstur og birtist í töflunni að ofan. Yfirgnæfandi meirihluti maka kvennanna er í fullu starfi og er hlutfallið nokkuð hærra en meðal maka karlanna (92,4% á móti 77,2%). Að sama skapi er algengara meðal maka karlanna að vera í skertu hlutfalli. Þannig er hærra hlutfall maka karlanna í 81%-99% starfshlutfalli (8,6% á móti 2,7%), 61%-80% starfshlutfalli (7,8% á móti 1,8%) og 41%-60% starfshlutfalli (3,6% á móti 1,4%).

Tafla 9. Starfshlutfall maka eftir kyni.

	Makar kvenna	Makar karla	Öll	P-gildi
1%-20%	0%	0%	0%	0,000**
21%-40%	0,6%	2,5%	1,4%	N = 848
41%-60%	1,4%	3,6%	2,4%	
61%-80%	1,8%	7,8%	4,4%	
81%-99%	2,7%	8,6%	5,2%	
100%	92,4%	77,2%	86,0%	
Veit ekki	0,6%	0%	0,4%	
Vil ekki svara	0,4%	0,3%	0,4%	

Tafla 10 sýnir starfshlutfall svarenda greint eftir aðalstarfi. Þegar litið er til kvennanna má sjá nokkurn mun á dreifingu starfshlutfalls eftir því hvert aðalstarf þeirra er. Þannig eru allar konur sem starfa sem bændur eða fiskimenn í fullu starfi. Eins er mikill meirihluti þeirra kvenna sem starfa sem stjórnendur, kjörnir fulltrúar og æðstu embættismenn í fullu starfi (92%). Það sama á við um sérfræðinga með háskólapróf (79,3%) og konur sem starfa við skrifstofustörf (72,9%). Lægra hlutfall kvenna í öðrum starfsgreinum er í fullu starfshlutfalli. Konur sem eru í þjónustu-,

umönnunar, sölu- og afgreiðslustörfum eru í meira mæli í skertu starfshlutfalli (65,4%). Helmingur kvenna sem starfa í ósérhæfðum störfum eru í skertu hlutfalli (50%) og það sama á við um konur sem starfa sem iðnaðarmenn eða við önnur sérhæft iðnverkastörf (50%).

Þegar litið er til karlanna kemur talsvert annað mynstur í ljós. Karlar vinna, nær óháð starfsvettvangi, fulla vinnu. Algengast er þó að karlar sem starfa við þjónustu-, umönnunar, sölu- og afgreiðslustörf vinni í skertu hlutfalli, en það gera 10,7% þeirra. Af þeim körlum sem starfa sem sérfræðingar með háskólapróf eru 6,5% í skertu hlutfalli. Það sama á við um 5,4% þeirra sem starfa sem tæknar og 1,6% iðnaðarmanna.

Tafla 10. Starfshlutfall eftir kyni og starfsgrein.

	1%-60%	61%-99%	100%	P-gildi
<i>Konur</i>				
Stjórnendur, kjörnir fulltrúar og æðstu embættismenn	2,0%	6,0%	92,0%	0,000**
Sérfræðingar með háskólapróf	4,5%	16,2%	79,3%	<i>N</i> = 468
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	13,8%	20,7%	65,5%	
Skrifstofufólk	14,6%	12,5%	72,9%	
Þjónustu-, umönnunar-, sölu- og afgreiðslufólk	14,1%	51,3%	34,6%	
Bændur og fiskimenn	0%	0%	100%	
Iðnaðarmenn og sérhæft iðnverkafólk	0%	50,0%	50,0%	
Bílstjórar, véla- og vélgæslufólk	-	-	-	
Ósérhæft starfsfólk	12,5%	37,5%	50,0%	
Annað	21,4%	50,0%	28,6%	
<i>Karlar</i>				
Stjórnendur, kjörnir fulltrúar og æðstu embættismenn	0%	0%	100%	0,003**
Sérfræðingar með háskólapróf	2,4%	4,1%	93,5%	<i>N</i> = 412
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	5,4%	0%	94,6%	
Skrifstofufólk	0%	0%	100%	
Þjónustu-, umönnunar-, sölu- og afgreiðslufólk	0%	10,7%	89,3%	
Bændur og fiskimenn	0%	0%	100%	
Iðnaðarmenn og sérhæft iðnverkafólk	0%	1,6%	98,4%	
Bílstjórar, véla- og vélgæslufólk	0%	0%	100%	
Ósérhæft starfsfólk	0%	0%	100%	
Annað	0%	0%	100%	

Tafla 11 sýnir starfshlutfall maki eftir starfsgrein. Yfirgnæfandi meirihluti maki kvenna er í fullri vinnu óháð starfsgrein. Algengast er þó að maki sé í skertu starfshlutfalli starfi hann við þjónustu-, umönnunar, sölu- og afgreiðslustörf (15,9%), í ósérhæfðum störfum (12,5%), skrifstofustörfum (10%) og lægra hlutfall þeirra sem starfa sem sérfræðingar með háskólapróf (8,7%) og eru iðnaðarmenn (8%). Ekki er þó um að ræða marktækan mun milli atvinnugreina samkvæmt marktæktarprófi (*p*-gildi = 0,122).

Þegar litið er til maka karla sést ólíkt mynstur þar sem mun algengara er að makar þeirra séu í skertu starfshlutfalli en það er þó breytilegt eftir starfsgrein maka. Allir makar karla sem starfa sem bændur eða fiskimenn eru í fullu starfi. Eins er mikill meirihluti þeirra sem starfa sem stjórnendur, kjörnir fulltrúar og æðstu embættismenn (97,7%), sérfræðinga með háskólapróf (78,3%) í ósérhæfðum störfum (88,9%) og skrifstofustörfum (72,7%) í fullu starfi. Hins vegar er lægra hlutfall maka karla sem starfa við þjónustu-, umönnunar-, sölu- og afgreiðslustörf (57,1%), eru iðnaðarmenn (60%) og tæknar (61,5%) í fullu starfi.

Tafla 11. Starfshlutfall maka eftir kyni og starfsgrein.

	1%-60%	61%-99%	100%	P-gildi
<i>Makar kvenna</i>				
Stjórnendur, kjörnir fulltrúar og æðstu embættismenn	0%	1,4%	98,6%	0,122
Sérfræðingar með háskólapróf	2,9%	5,8%	91,4%	<i>N</i> = 487
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	2,3%	0,0%	97,7%	
Skrifstofufólk	0%	10,0%	90,0%	
Þjónustu-, umönnunar-, sölu- og afgreiðslufólk	6,8%	9,1%	84,1%	
Bændur og fiskimenn	0%	0%	100%	
Iðnaðarmenn og sérhæft iðnverkafólk	1,1%	6,9%	92,0%	
Bílstjórar, véla- og vélgæslufólk	2,9%	2,9%	94,1%	
Ósérhæft starfsfólk	12,5%	0%	87,5%	
Annað	0%	17,6%	82,4%	
<i>Makar karla</i>				
Stjórnendur, kjörnir fulltrúar og æðstu embættismenn	0%	2,3%	97,7%	0,000**
Sérfræðingar með háskólapróf	6,5%	15,2%	78,3%	<i>N</i> = 360
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	30,8%	7,7%	61,5%	
Skrifstofufólk	9,1%	18,2%	72,7%	
Þjónustu-, umönnunar-, sölu- og afgreiðslufólk	7,1%	35,7%	57,1%	
Bændur og fiskimenn	0%	0%	100%	
Iðnaðarmenn og sérhæft iðnverkafólk	0%	40,0%	60,0%	
Bílstjórar, véla- og vélgæslufólk	-	-	-	
Ósérhæft starfsfólk	0%	11,1%	88,9%	
Annað	0%	0%	100%	

Tafla 12 sýnir fjölda vinnustunda á mánuði eftir kyni. Niðurstöðurnar sýna að herra hlutfall kvenna en karla vinnur 80 klukkustundir eða færri á mánuði (7% á móti 1,9%), 81-120 klukkustundir (16,8% á móti 1,7%) og 121-160 klukkustundir (39,7% á móti 25,5%). Hins vegar er herra hlutfall karla en kvenna sem vinnur 161-180 klukkustundir (39% á móti 26,2%) og fleiri en 181 klukkustundir (28% á móti 5,8%).

Tafla 12. *Fjöldi vinnustunda á mánuði eftir kyni.*

	Konur	Karlar	Öll	<i>P</i> -gildi
80 klst. eða færri	7,0%	1,9%	4,6%	0,000**
81-120 klst.	16,8%	1,7%	9,7%	<i>N</i> = 884
121-160 klst.	39,7%	25,5%	33,0%	
161-180 klst.	26,2%	39,0%	32,2%	
Fleiri en 181 klst.	5,8%	28,0%	16,2%	
Veit ekki	3,2%	2,9%	3,1%	
Vil ekki svara	1,3%	1,0%	1,1%	

Tafla 13 sýnir fjölda vinnustunda maka á mánuði greint eftir kyni. Niðurstöðurnar sýna að herra hlutfall maka kvenna en karla vinnur fleiri en 181 klukkustundir (21,5% á móti 11,1%) og lítið herra hlutfall 161-180 klukkustundir (34,2% á móti 31,1%). Að sama skapi er herra hlutfall maka karla sem vinna 81-120 klukkustundir (14,2% á móti 3,3%) og 121-160 klukkustundir (33,9% á móti 29%).

Tafla 13. *Fjöldi vinnustunda maka á mánuði eftir kyni.*

	Makar kvenna	Makar karla	Öll	<i>P</i> -gildi
80 klst. eða færri	3,9%	4,7%	4,2%	0,000**
81-120 klst.	3,3%	14,2%	7,9%	<i>N</i> = 849
121-160 klst.	29,0%	33,9%	31,1%	
161-180 klst.	34,2%	31,1%	32,9%	
Fleiri en 181 klst.	21,5%	11,1%	17,1%	
Veit ekki	7,6%	4,2%	6,1%	
Vil ekki svara	0,6%	0,8%	0,7%	

Tafla 14 sýnir fjölda yfirvinnustunda sem svarendur vinna að jafnaði á mánuði eftir kyni. Niðurstöðurnar sýna að herra hlutfall kvenna en karla vinnur enga yfirvinnu (34,3% á móti 24,2%), 1-5 yfirvinnustundir (23,8% á móti 11,8%) og 6-10 yfirvinnustundir (16,6% á móti 12,8%). Hins vegar er herra hlutfall karla en kvenna sem vinnur 11-20 yfirvinnustundir (17,6% á móti 9,6%) og um fjórðungur karla vinnur 21 yfirvinnustund á mánuði eða meira að jafnaði (24,9% á móti 8,1%).

Tafla 14. *Fjöldi yfirvinnustunda á mánuði eftir kyni.*

	Konur	Karlar	Öll	<i>P</i> -gildi
Engin yfirvinna	34,3%	24,2%	29,5%	0,000**
1-5 yfirvinnustundir	23,8%	11,8%	18,2%	<i>N</i> = 884
6-10 yfirvinnustundir	16,6%	12,8%	14,8%	
11-20 yfirvinnustundir	9,6%	17,6%	13,3%	
21 yfirvinnustund eða fleiri	8,1%	24,9%	16,0%	
Veit ekki	6,0%	7,2%	6,6%	
Vil ekki svara	1,7%	1,4%	1,6%	

Tafla 15 sýnir fjölda yfirvinnustunda maka að jafnaði á mánuði greint eftir kyni. Niðurstöðurnar sýna að herra hlutfall maka karla en kvenna vinnur enga yfirvinnu (35,2% á móti 16,2%). Að sama skapi er herra hlutfall maka kvenna sem vinnur 1-5 yfirvinnustundir (20% á móti 17,5%), 6-10 yfirvinnustundir (16% á móti 15,5%), 11-20 yfirvinnustundir (13,7% á móti 12,5%) og mun herra hlutfall vinnur 21 yfirvinnustund eða fleiri (19,8% á móti 9,4%).

Tafla 15. *Fjöldi yfirvinnustunda maka á mánuði eftir kyni.*

	Makar kvenna	Makar karla	Öll	P-gildi
Engin yfirvinna	16,2%	35,2%	24,2%	0,000**
1-5 yfirvinnustundir	20,0%	17,5%	18,9%	<i>N</i> = 850
6-10 yfirvinnustundir	16,0%	15,5%	15,8%	
11-20 yfirvinnustundir	13,7%	12,5%	13,2%	
21 yfirvinnustund eða fleiri	19,8%	9,4%	15,4%	
Veit ekki	12,3%	8,9%	10,8%	
Vil ekki svara	2,0%	1,1%	1,6%	

Tafla 16 sýnir yfirvinnustundir svarenda greint eftir kyni og starfsgrein. Niðurstöðurnar sýna að fjöldi yfirvinnutíma er mjög breytilegur eftir starfsstéttum bæði meðal kvenna og karla. Herra hlutfall kvenna sem eru í ósérhæfðum störfum (44,4%), í þjónustu-, umönnun, sölu- og afgreiðslustörfum (43%), störfum sérfræðinga með háskólapróf (38,4%) og í skrifstofustörfum (37,5%) vinnur enga yfirvinnu samanborið við konur sem eru í störfum tækna eða sérmenntaðs starfsfólks (16,7%) og í stjórnendastörfum einhverskonar (9,8%). Hins vegar er hæst hlutfall kvenna sem eru bændur eða fiskimenn sem vinna 21 yfirvinnustund eða fleiri að jafnaði á mánuði (50%) sem er mun herra hlutfall en meðal þeirra sem eru í stjórnendur, kjörnir fulltrúar og æðstu embættismenn (15,7%), ósérhæft starfsfólk (11,1%), iðnaðarmenn og sérhæft iðnverkafólk (11,1%), þjónustu-, umönnunar, sölu- og afgreiðslufólk (10,1%) og tæknar og sérmenntað starfsfólk (10%).

Hæst er hlutfall karla sem vinnur enga yfirvinnu að jafnaði á mánuði sem eru í ósérhæfðum störfum (42,9%), eru bændur og fiskimenn (34,6%), sérfræðingar með háskólapróf (33,6%), skrifstofumenn (33,3%), tæknar og sérmenntað starfsfólk (27%) og í þjónustu- umönnunar-, sölu og afgreiðslufólk (24,1%) en lægra hlutfall þeirra sem starfa sem stjórnendur, kjörnir fulltrúar og æðstu embættismenn (17,6%) og iðnaðarmenn og sérhæft iðnverkafólk (12,7%). Enginn þeirra sem starfar sem bílstjóri, véla- eða vélagæsufólk vinnur ekki yfirvinnu. Þegar litið er til þeirra starfsgreina meðal karla þar sem hæst hlutfall vinnur 21 yfirvinnustund eða fleiri að jafnaði á mánuði sést að hæst er hlutfallið meðal bænda og fiskimanna (57,7%), sama á við um helming

bílstjóra, véla- og vélgæslufólks og sérhæfðs starfsfólks (50%), nokkuð lægra hlutfall iðnaðarmanna og sérhæfðs iðnverkafólks (41,3%) og stjórnenda, kjörinna fulltrúa og æðstu embættismanna (28,2%), tækna og sérmenntaðs starfsfólks (18,9%). Hlutfallið er enn lægra meðal sérfræðinga með háskólapróf (10,4%) og lægst meðal þeirra sem starfa í þjónustu-, umönnun-, sölu- og afgreiðslu (3,4%).

Tafla 16. Fjöldi yfirvinnustunda á mánuði eftir kyni og starfsgrein.

	Engin yfirvinna	1-5 yfirvinnu- stundir.	6-10 yfirvinnu- stundir.	11-20 yfirvinnu- stundir.	21 yfirvinnustund eða fleiri	P-gildi
<i>Konur</i>						
Stjórnendur, kjörnir fulltrúar og æðstu embættismenn	9,8%	21,6%	21,6%	17,6%	15,7%	0,000**
Sérfræðingar með háskólapróf	38,4%	23,2%	18,3%	9,4%	5,4%	<i>N</i> = 474
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	16,7%	26,7%	13,3%	13,3%	10,0%	
Skrifstofufólk	37,5%	37,5%	10,4%	4,2%	4,2%	
Þjónustu-, umönnunar-, sölu- og afgreiðslufólk	43,0%	16,5%	16,5%	10,1%	10,1%	
Bændur og fiskimenn	0%	0%	0%	0%	50,0%	
Iðnaðarmenn og sérhæft iðnverkfólk	33,3%	11,1%	11,1%	11,1%	11,1%	
Bílstjórar, véla- og vélgæslufólk	-	-	-	-	-	
Ósérhæft starfsfólk	44,4%	44,4%	0%	0%	11,1%	
Annað	20,0%	20,0%	26,7%	13,3%	6,7%	
<i>Karlar</i>						
Stjórnendur, kjörnir fulltrúar og æðstu embættismenn	17,6%	10,6%	20,0%	22,4%	28,2%	0,000**
Sérfræðingar með háskólapróf	33,6%	15,2%	13,6%	16,8%	10,4%	<i>N</i> = 417
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	27,0%	10,8%	21,6%	13,5%	18,9%	
Skrifstofufólk	33,3%	33,3%	0%	0%	0%	
Þjónustu-, umönnunar-, sölu- og afgreiðslufólk	24,1%	13,8%	10,3%	24,1%	3,4%	
Bændur og fiskimenn	34,6%	0%	0%	0%	57,7%	
Iðnaðarmenn og sérhæft iðnverkfólk	12,7%	6,3%	11,1%	22,2%	41,3%	
Bílstjórar, véla- og vélgæslufólk	0%	9,1%	4,5%	22,7%	50,0%	
Ósérhæft starfsfólk	42,9%	0%	7,1%	0%	50,0%	
Annað	18,2%	54,5%	0%	0%	0%	

Tafla 17 sýnir fjölda yfirvinnustunda maka svarenda greint eftir kyni og atvinnugrein. Taflan sýnir að hæst er hlutfall maka kvenna sem starfa sem bílstjórar, véla- og vélgæslufólk (40%), stjórnendur, kjörnir fulltrúar og æðstu embættismenn (31,9%), iðnaðarmenn og sérhæft iðnverkafólk (29,5%), bændur og fiskimenn (25,8%) og í þjónustu-, umönnun-, sölu og afgreiðslustörfum (20,5%) sem vinna 21 yfirvinnustund á mánuði eða fleiri. Að sama skapi eru það makar kvenna í sömu starfsgreinum sem vinna hlutfallslega minnst enga yfirvinnu en það á við um lágt hlutfall bílstjóra-, véla- og vélgæslufólks (2,9%), stjórnenda, kjörinna fulltrúa og æðstu embættismenna (2,9%), iðnaðarmanna og sérhæfðs iðnverkafólks (6,8%) og bænda og fiskimanna (9,7%).

Þegar litið er til starfsgreina maka karla og fjölda yfirvinnustunda sést að lang hæst er hlutfall þeirra sem starfa sem bændur eða fiskimenn sem vinna 21 yfirvinnustund eða fleiri að jafnaði á mánuði (77,8%). Sama á við um mun lægra hlutfall þeirra sem eru iðnaðarmenn og sérhæft iðnverkafólk (25%), stjórnendur, kjörnir fulltrúar og æðstu embættismenn (15,9%) og tæknar og sérmenntað starfsfólk (15,4%). Hins vegar er hæst hlutfall maka karla sem starfa í ósérhæfðum störfum sem vinna enga yfirvinnu (87,5%), sama á við um helming iðnaðarmanna og sérhæft iðnverkafólk (50%), tæplega helming þeirra sem eru í þjónustu-, umönnunar-, sölu og afgreiðslustörfum (48,2%) og skrifstofufólk (44,1%).

Tafla 17. Fjöldi yfirvinnustunda maka á mánuði eftir kyni og starfsgrein.

	Engin yfirvinna	1-5 yfirvinnu- stundir.	6-10 yfirvinnu- stundir.	11-20 yfirvinnu- stundir.	21 yfirvinnustund eða fleiri	P-gildi
<i>Makar kvenna</i>						
Stjórnendur, kjörnir fulltrúar og æðstu embættismenn	2,9%	20,3%	24,6%	13,0%	31,9%	0,000**
Sérfræðingar með háskólapróf	25,4%	28,2%	16,2%	9,9%	9,9%	<i>N</i> = 493
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	28,9%	20,0%	15,6%	15,6%	4,4%	
Skrifstofufólk	33,3%	44,4%	0%	0%	0%	
Þjónustu-, umönnunar-, sölu- og afgreiðslufólk	22,7%	18,2%	6,8%	18,2%	20,5%	
Bændur og fiskimenn	9,7%	6,5%	16,1%	0%	25,8%	
Iðnaðarmenn og sérhæft iðnverkfólk	6,8%	15,9%	18,2%	20,5%	29,5%	
Bílstjórar, véla- og vélgæslufólk	2,9%	14,3%	14,3%	22,9%	40,0%	
Ósérhæft starfsfólk	12,5%	0%	25,0%	62,5%	0%	
Annað	29,4%	5,9%	5,9%	0%	11,8%	
<i>Makar karla</i>						
Stjórnendur, kjörnir fulltrúar og æðstu embættismenn	15,9%	18,2%	20,5%	20,5%	15,9%	0,000**
Sérfræðingar með háskólapróf	33,5%	21,1%	15,7%	11,9%	5,9%	<i>N</i> = 362
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	38,5%	23,1%	15,4%	0%	15,4%	
Skrifstofufólk	44,1%	20,6%	11,8%	17,6%	5,9%	
Þjónustu-, umönnunar-, sölu- og afgreiðslufólk	48,2%	5,4%	19,6%	10,7%	3,6%	
Bændur og fiskimenn	11,1%	0%	0%	11,1%	77,8%	
Iðnaðarmenn og sérhæft iðnverkfólk	50,0%	25,0%	0%	0%	25,0%	
Bílstjórar, véla- og vélgæslufólk	-	-	-	-	-	
Ósérhæft starfsfólk	87,5%	12,5%	0%	0%	0%	
Annað	16,7%	16,7%	16,7%	0%	0%	

Svarendur sem voru í minna en 100% starfshlutfalli voru spurðir um ástæður þess. Eins og fram kom í töflu 9 er mun hærra hlutfall karla en kvenna í fullu starfi (95,9% á móti 67,8%) og byggja niðurstöðurnar því á svörum 145 kvenna en eingöngu 16 karla. Tæplega þrír fjórðu hlutar kvennanna (73,1%) eru í skertu starfshlutfalli til þess að auðvelda samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs en það sama á við um mun lægra hlutfall karla eða ríflega helming (56,3%): Hærra hlutfall karla en kvenna gefa upp aðrar ástæður fyrir skertu starfshlutfalli (31,3% á móti 17,2%) en þær ástæður sem að lang algengast var að væru tilgreindar voru að svarendur voru í námi samhliða vinnu og vegna heilsufarsástæðna. Tæplega ein af hverjum tíu konum sem eru í skertu í starfshlutfalli höfðu ekki kost á hærra starfshlutfalli og er hlutfallið hærra en meðal karla (9% á móti 6,3%).

Tafla 18. Ástæður fyrir hlutastarfi eftir kyni.

	Konur	Karlar	Öll	<i>P</i> -gildi
Hef ekki kost á hærra starfshlutfalli	9,0%	6,3%	8,7%	0,023*
Til að auðvelda samræmi milli fjölskyldu- og atvinnulífs	73,1%	56,3%	71,4%	
Annað	17,2%	31,3%	18,6%	
Veit ekki	0%	6,3%	0,6%	
Vil ekki svara	0,7%	0%	0,6%	
<i>N</i>	145	16	161	

Tafla 19 sýnir ástæður fyrir skertu starfshlutfalli maka. Niðurstöðurnar sýna að ríflega helmingur maka karla sem eru í skertu starfshlutfalli eru það til að auðvelda samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs (58,5%) en hlutfallið er lægra meðal maka kvenna (45,5%). Næst hæst er hlutfall maka kvenna og karla sem tilgreina aðrar ástæður en algengast var að það væri vegna þess að maki væri í námi samhliða vinnu, glímdu við heilsuleysi eða að maki sinni öðrum störfum samhliða aðalstarfi en þetta átti við um 36,4% maka kvenna og 23,2% maka karla. 15,2% maka kvenna og 12,2% maka karla sem voru í skertu starfshlutfalli vegna þess að þau höfðu ekki kost á hærra starfshlutfalli.

Tafla 19. Ástæður fyrir hlutastarfi maka eftir kyni.

	Makar kvenna	Makar karla	Öll	<i>P</i> -gildi
Hef ekki kost á hærra starfshlutfalli	15,2%	12,2%	13,0%	0,045*
Til að auðvelda samræmi milli fjölskyldu- og atvinnulífs	45,5%	58,5%	54,8%	
Annað	36,4%	23,2%	27,0%	
Veit ekki	3,0%	1,2%	1,7%	
Vil ekki svara	0%	4,9%	3,5%	
<i>N</i>	33	82	115	

3.2 Fjárhagsstaða foreldra og kostnaður við frístundir og barnapössun

Fjárhagsstaða svarenda var skoðuð með nokkrum spurningum og voru þátttakendur beðnir um að gefa upp mánaðarlegar atvinnutekjur á heimilinu, spurt var hversu auðvelt eða erfitt væri fyrir heimilið að ná endum saman og hvort fjárhagsstaða hefði komið í veg fyrir að hægt hafi verið að greiða fyrir þjónustu fyrir barn/börn.

Tafla 20 sýnir mánaðarlegar atvinnutekjur svarenda og maka ef við á fyrir skatta og önnur gjöld og eru niðurstöðurnar greindar eftir hjúskaparstöðu. Niðurstöðurnar sýna að mun herra hlutfall einhleypra foreldra en sambúðarforeldra er með 500 þúsund krónur eða lægra í mánaðarlegar atvinnutekjur (32,1% á móti 6,4%), á bilinu 501-700 þúsund krónur (18,4% á móti 9,6%) og 701-900 þúsund (28,7% á móti 13,5%). Hins vegar er herra hlutfall sambúðarfólks með 901-1.100 þúsund krónur í atvinnutekjur heimilisins (14,8% á móti 13,8%) og hæst hlutfall sambúðarfólks er með hærri en 1.100 þúsund krónur í samanlagðar tekjur á mánuði (46,6%) og er hlutfallið mun herra en meðal einhleypra foreldra (3,4%).

Tafla 20. Mánaðarlegar atvinnutekjur svaranda og maka (ef við á) fyrir skatt eftir hjúskaparstöðu.

	Í sambúð	Einhleypir foreldrar	Öll	P-gildi
300 þúsund krónur eða lægri	1,6%	3,4%	1,8%	0,000**
301-500 þúsund krónur	4,8%	28,7%	6,9%	N = 1003
501-700 þúsund krónur	9,6%	18,4%	10,4%	
701-900 þúsund krónur	13,5%	28,7%	14,9%	
901-1.100 þúsund krónur	14,8%	13,8%	14,8%	
Hærri en 1.100 þúsund krónur	46,6%	3,4%	42,9%	
Veit ekki	2,1%	1,1%	2,0%	
Vil ekki svara	6,9%	2,3%	6,5%	

Tafla 21 sýnir hversu auðvelt eða erfitt er að ná endum saman eftir kyni og hjúskaparstöðu. Niðurstöðurnar sýna að mun herra hlutfall einhleypra foreldra samanborið við foreldra í sambúð á nokkuð erfitt, erfitt eða mjög erfitt með að ná endum saman (64,3% á móti 27,7%). Að sama skapi er mun herra hlutfall sambúðarfólks sem á mjög auðvelt, auðvelt eða nokkuð auðvelt með að ná endum saman (71,9% á móti 35,8%).

Tafla 21. Hversu auðvelt eða erfitt er fyrir heimilið að ná endum saman eftir kyni og hjúskaparstöðu.

	Í sambúð	Einhleyprir foreldrar	Öll	P-gildi
<i>Konur</i>				
Mjög auðvelt	14,6%	1,6%	13,2%	0,000** N = 570
Auðvelt	19,5%	4,8%	17,9%	
Nokkuð auðvelt	36,3%	33,3%	36,0%	
Nokkuð erfitt	18,5%	30,2%	19,8%	
Erfitt	6,9%	22,2%	8,6%	
Mjög erfitt	3,6%	7,9%	4,0%	
Veit ekki	0,4%	0%	0,4%	
Vil ekki svara	0,2%	0%	0,2%	
<i>Karlar</i>				
Mjög auðvelt	18,9%	9,5%	18,5%	0,000** N = 433
Auðvelt	18,9%	0%	18,0%	
Nokkuð auðvelt	35,9%	14,3%	34,9%	
Nokkuð erfitt	18,7%	61,9%	20,8%	
Erfitt	5,1%	4,8%	5,1%	
Mjög erfitt	2,4%	9,5%	2,8%	
Veit ekki	0%	0%	0%	
Vil ekki svara	0%	0%	0%	
<i>Öll</i>				
Mjög auðvelt	16,5%	3,6%	15,5%	0,000** N = 1003
Auðvelt	19,3%	3,6%	17,9%	
Nokkuð auðvelt	36,1%	28,6%	35,5%	
Nokkuð erfitt	18,6%	38,1%	20,2%	
Erfitt	6,1%	17,9%	7,1%	
Mjög erfitt	3,0%	8,3%	3,5%	
Veit ekki	0,2%	0%	0,2%	
Vil ekki svara	0,1%	0%	0,1%	

Tafla 22 sýnir hversu hátt hlutfall svarenda hefur ekki getað keypt eða nýtt eins og þörf er á þjónustu dagforeldra, leikskóla, eins langan tíma á leikskóla og þörf er á, frístund, barnapössun sem þarf að greiða fyrir, sumarnámskeið og sumarþúðir, íþróttastarf og tómstundir greint eftir kyni og hjúskaparstöðu. Niðurstöðurnar sýna að herra hlutfall einhleypra foreldra en sambúðarforeldra hefur ekki haft efni á frístund (7,8% á móti 2,1%), barnapössun sem þarf að greiða fyrir (22,8% á móti 5,2%), sumarnámskeiði eða sumarþúðum (33,7% á móti 10,8%), íþróttastarfi (23,9% á móti 8,2%) og tómstundum (25,3% á móti 10,4%). Hins vegar er svipað hlutfall sambúðarforeldra og einhleypra foreldra sem ekki hefur haft efni á eins löngum tíma á leikskóla og þau mundu kjósa (2,5% á móti 2,2%) og sama hlutfall hefur ekki haft efni á dagforeldri (2,2%).

Tafla 22. Hefur fjárhagsstaða komið í veg fyrir að hægt væri að nýta eftirfarandi þjónustu fyrir barn síðastliðna 12 mánuði eftir kyni og hjúskaparstöðu.

	Í sambúð	Einhleypir foreldrar	Samtals	p-gildi
<i>Dagforeldri</i> N = 1.029				
Konur	2,5%	3,1%	2,6%	0,778
Karlar	1,9%	0%	1,8%	0,467
Öll	2,2%	2,2%	2,2%	0,969
<i>Leikskóla</i> N = 1.028				
Konur og kvár	0,8%	1,6%	0,9%	0,513
Karlar	0,2%	0%	0,2%	0,798
Öll	0,5%	1,1%	0,6%	0,499
<i>Eins langan tíma á leikskóla og þú mundir kjósa</i> N = 1.029				
Konur	3,3%	3,1%	3,2%	0,938
Karlar	1,4%	0%	1,4%	0,529
Öll	2,5%	2,2%	2,4%	0,867
<i>Frístund</i> N = 1.026				
Konur	2,1%	9,4%	2,9%	0,001**
Karlar	2,2%	3,8%	2,3%	0,577
Öll	2,1%	7,8%	2,6%	0,001**
<i>Barnapössun sem þarf að greiða fyrir</i> N = 1.028				
Konur	7,5%	27,7%	9,7%	0,000**
Karlar	2,4%	11,1%	2,9%	0,010*
Öll	5,2%	22,8%	6,8%	0,000**
<i>Sumarnámskeið eða sumarbúðir</i> N = 1.029				
Konur	12,3%	40,0%	15,3%	0,000**
Karlar	8,9%	18,5%	9,5%	0,099
Öll	10,8%	33,7%	12,8%	0,000**
<i>Íþróttastarf</i> N = 1.030				
Konur	10,0%	27,7%	11,9%	0,000**
Karlar	6,0%	14,8%	6,5%	0,090
Öll	8,2%	23,9%	9,6%	0,000**
<i>Tómstundir</i> N = 1.028				
Konur	13,2%	29,2%	15,0%	0,001**
Karlar	6,7%	15,4%	7,3%	0,100
Öll	10,4%	25,3%	11,7%	0,000**

3.3 Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Til að meta hversu vel eða illa fjölskyldum gengur að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf voru svarendur spurðir hversu vel eða illa það gengi og hversu oft þeir hefðu áhyggjur af verkefnum heimilisins og umönnun barna þegar þeir væru í vinnunni.

Tafla 23 sýnir hversu vel eða illa gengur að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf greint eftir kyni. Niðurstöðurnar sýna að lægra hlutfalli kvenna en karla gengur mjög vel að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf (15,7% á móti 24,4%) en lítið hærra hlutfall kvenna en karla gengur það frekar vel (45,8% á móti 44,3%). Nánast sama hlutfalli karla og kvenna gengur það hvorki vel né illa (17,4% og 17,6%) en hærra hlutfalli karla gengur það frekar illa (10,5% á móti 7,9%) og mjög illa (2,5% á móti 2,1%).

Tafla 23. Hversu vel eða illa gengur að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf eftir kyni.

	Konur	Karlar	Öll	<i>P</i> -gildi
Mjög vel	15,7%	24,4%	19,4%	0,000**
Frekar vel	45,8%	44,3%	45,1%	<i>N</i> = 1019
Hvorki vel né illa	17,4%	17,6%	17,5%	
Frekar illa	7,9%	10,5%	9,0%	
Mjög illa	2,1%	2,5%	2,3%	
Á ekki við/er ekki í vinnu	9,5%	0,7%	5,7%	
Veit ekki	1,2%	0%	0,7%	
Vil ekki svara	0,5%	0%	0,3%	

Tafla 24 sýnir hversu vel eða illa gengur að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf greint eftir hjúskaparstöðu. Niðurstöðurnar sýna að hærra hlutfalli einhleypra foreldra en foreldra í sambúð gengur mjög vel (27,9% á móti 18,6%) en hærra hlutfalli sambúðarforeldra en einhleypra foreldra frekar vel (46,3% á móti 32,6%). Hærra hlutfalli sambúðarforeldra gengur hvorki vel né illa að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf (18,2% á móti 9,3%). Hins vegar gengur hærra hlutfalli einhleypra foreldra frekar illa (11,6% á móti 8,7%) og mjög illa (7% á móti 1,9%) að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

Tafla 24. *Hversu vel eða illa gengur að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf eftir hjúskaparstöðu.*

	Í sambúð	Einhleypir foreldrar	Öll	<i>P</i> -gildi
Mjög vel	18,6%	27,9%	19,4%	0,000**
Frekar vel	46,3%	32,6%	45,2%	<i>N</i> = 1016
Hvorki vel né illa	18,2%	9,3%	17,4%	
Frekar illa	8,7%	11,6%	9,0%	
Mjög illa	1,9%	7,0%	2,4%	
Á ekki við/er ekki í vinnu	5,2%	11,6%	5,7%	
Veit ekki	0,8%	0%	0,7%	
Vil ekki svara	0,3%	0%	0,3%	

Tafla 25 sýnir hversu vel eða illa gengur að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf eftir starfsgrein. Þegar litið er til kvennanna má sjá að nokkurn mun eftir starfsgreinum. Þannig eiga hlutfallslega flestar konur sem starfa sem iðnaðarmenn eða sem sérhæft iðnverkafólk frekar eða mjög erfitt með að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf (25%). Að sama skapi eiga 14,9% kvenna sem starfa við skrifstofustörf og 12,2% sem starfa sem stjórnendur, kjörnir fulltrúar eða æðstu embættismenn frekar eða mjög erfitt með að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Á hinn bóginn eru hlutfallslega flestar konur sem starfa sem tæknar (80%), bændur eða fiskimenn (80%) eða í þjónustu-, umönnunar-, sölu- og afgreiðslustörfum (79,2%) sem telja samræminguna ganga frekar eða mjög vel. Þegar litið er til karlanna má sjá að áberandi hæstu hlutfalli karla í ósérhæfðum störfum gengur frekar eða mjög illa að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf (57,1%) og er hlutfallið meðal þeirra mun hærri en karla og kvenna í öðrum starfsgreinum. Tæplega fimmtungur karla sem starfa sem iðnaðarmenn (19,4%) á sömuleiðis frekar eða mjög erfitt með að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf og það sama á við um 18,9% tækna, 16% bænda og fiskimanna og 10,7% þeirra sem starfa í þjónustu-, umönnunar-, sölu- og afgreiðslustörfum.

Tafla 25. Hversu vel eða illa gengur að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf eftir kyni og starfsgrein.

	Mjög eða frekar vel	Hvorki vel né illa	Frekar eða mjög illa	P-gildi
<i>Konur</i>				
Stjórnendur, kjörnir fulltrúar og æðstu embættismenn	69,4%	18,4%	12,2%	0,049* N = 467
Sérfræðingar með háskólapróf	68,3%	20,5%	11,2%	
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	80,0%	10,0%	10,0%	
Skrifstofufólk	48,9%	36,2%	14,9%	
Þjónustu-, umönnunar-, sölu- og afgreiðslufólk	79,2%	11,7%	9,1%	
Bændur og fiskimenn	80,0%	20,0%	0%	
Iðnaðarmenn og sérhæft iðnverkafólk	75,0%	0%	25,0%	
Bílstjórar, véla- og vélgæslufólk	-	-	-	
Ósérhæft starfsfólk	50,0%	50,0%	0%	
Annað	76,9%	15,4%	7,7%	
<i>Karlar</i>				
Stjórnendur, kjörnir fulltrúar og æðstu embættismenn	64,3%	27,4%	8,3%	0,000** N = 417
Sérfræðingar með háskólapróf	74,0%	16,3%	9,8%	
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	67,6%	13,5%	18,9%	
Skrifstofufólk	75,0%	25,0%	0%	
Þjónustu-, umönnunar-, sölu- og afgreiðslufólk	71,4%	17,9%	10,7%	
Bændur og fiskimenn	72,0%	12,0%	16,0%	
Iðnaðarmenn og sérhæft iðnverkafólk	61,3%	19,4%	19,4%	
Bílstjórar, véla- og vélgæslufólk	73,9%	17,4%	8,7%	
Ósérhæft starfsfólk	42,9%	0%	57,1%	
Annað	100%	0%	0%	

Tafla 26 sýnir hversu oft foreldrar hafa áhyggjur af verkefnum heimilisins og umönnun barns eða barna þegar þeir eru í vinnunni greint eftir kyni. Niðurstöðurnar sýna að mun hærra hlutfall kvenna en karla hefur daglega slíkar áhyggjur (43,2% á móti 27,7%) en hins vegar er hærra hlutfall karla sem hefur nokkrum sinnum í viku slíkar áhyggjur (34,3% á móti 27%). Hærra hlutfall karla en kvenna hefur slíkar áhyggjur nokkrum sinnum í mánuði (12,6% á móti 11,8%), einu sinni í mánuði eða sjaldnar (8,2% á móti 5,3%) og aldrei (8% á móti 4,8%).

Tafla 26. Hversu oft hefur þú áhyggjur af verkefnum heimilisins og umönnun barna þegar þú ert í vinnunni eftir kyni.

	Konur	Karlar	Öll	P-gildi
Daglega	43,2%	27,7%	36,2%	0,000** N = 962
Nokkrum sinnum í viku	27,0%	34,3%	30,4%	
Einu sinni í viku	6,3%	7,8%	7,0%	
Nokkrum sinnum í mánuði	11,8%	12,6%	12,2%	
Einu sinni í mánuði eða sjaldnar	5,3%	8,2%	6,7%	
Aldrei	4,8%	8,0%	6,2%	
Veit ekki	0,8%	1,4%	1,0%	
Vil ekki svara	0,6%	0%	0,3%	

Tafla 27 sýnir hversu oft foreldrar hafa áhyggjur af verkefnum heimilisins og umönnun barns eða barna þegar þeir eru í vinnunni greint eftir hjúskaparstöðu. Niðurstöðurnar sýna að herra hlutfall foreldra í sambúð hefur slíkar áhyggjur, samanborið við einhleypa foreldra, daglega (37% á mótí 28,9%), nokkrum sinnum í viku (30,6% á mótí 27,6%) og einu sinni í viku (7,2% á mótí 5,3%), nokkrum sinnum í mánuði eða sjaldnar (12% á mótí 10,5%). Hins vegar er nokkuð herra hlutfall einhleypa foreldra en foreldra í sambúð sem hefur aldrei slíkar áhyggjur (14,5% á mótí 5,4%).

Tafla 27. *Hversu oft hefur þú áhyggjur af verkefnum heimilisins og umönnun barna þegar þú ert í vinnunni eftir hjúskaparstöðu.*

	Í sambúð	Einhleypir foreldrar	Öll	<i>P</i> -gildi
Daglega	37,0%	28,9%	36,4%	0,001**
Nokkrum sinnum í viku	30,6%	27,6%	30,4%	<i>N</i> = 957
Einu sinni í viku	7,2%	5,3%	7,0%	
Nokkrum sinnum í mánuði	12,0%	10,5%	11,9%	
Einu sinni í mánuði eða sjaldnar	6,6%	7,9%	6,7%	
Aldrei	5,4%	14,5%	6,2%	
Veit ekki	0,9%	2,6%	1,0%	
Vil ekki svara	0,1%	2,6%	0,3%	

Tafla 28 sýnir hversu oft foreldrar hafa áhyggjur af verkefnum heimilisins og umönnun barns eða barna þegar þeir eru í vinnunni greint eftir atvinnugrein. Niðurstöðurnar sýna að mun herra hlutfall kvenna en karla sem eru stjórnendur, kjörnir fulltrúar og æðstu embættismenn (52,9% á mótí 16,7%), skrifstofufólk (50% á mótí 25%), bændur og fiskimenn (50% á mótí 28%), sérfræðingar með háskólapróf (45% á mótí 23,8%) og tæknar og sérmenntað starfsfólk (41,4% á mótí 32,4%) hefur slíkar áhyggjur daglega. Minni munur er á konum og körlum sem eru þjónustu-, umönnunar-, sölu og afgreiðslufólk (30,8% á mótí 25%). Hins vegar er herra hlutfall karla en kvenna sem eru iðnaðarmenn og sérhæft iðnverkafólk sem hefur daglega slíkar áhyggjur (38,7% á mótí 37,5%) og mun herra hlutfall karla í ósérhæfðum störfum hefur slíkar áhyggjur samanborið við konur í sömu störfum (50% á mótí 33,3%).

Tafla 28. Hversu oft hefur þú áhyggjur af verkefnum heimilisins og umönnun barna þegar þú ert í vinnunni eftir kyni og atvinnugrein.

	Daglega	Nokkrum sinnum í viku	Einu sinni í viku	Nokkrum sinnum í mánuði	Einu sinni í mánuði eða sjaldnar	Aldrei	P-gildi
<i>Konur</i>							
Stjórnendur, kjörnir fulltrúar og æðstu embættismenn	52,9%	29,4%	3,9%	5,9%	3,9%	3,9%	0,000**
Sérfræðingar með háskólapróf	45,0%	28,8%	7,2%	12,2%	5,0%	1,8%	N = 468
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	41,4%	31,0%	6,9%	20,7%	0%	0%	
Skrifstofufólk	50,0%	22,9%	10,4%	10,4%	4,2%	2,1%	
Þjónustu-, umönnunar-, sölu- og afgreiðslufólk	30,8%	30,8%	0%	16,7%	12,8%	9,0%	
Bændur og fiskimenn	50,0%	25,0%	25,0%	0%	0%	0%	
Iðnaðarmenn og sérhæft iðnverkfólk	37,5%	12,5%	25,0%	0%	25,0%	0%	
Bílstjórar, véla- og vélgæslufólk	-	-	-	-	-	-	
Ósérhæft starfsfólk	33,3%	0,0%	22,2%	0%	0%	44,4%	
Annað	50,0%	14,3%	7,1%	14,3%	7,1%	7,1%	
<i>Karlar</i>							
Stjórnendur, kjörnir fulltrúar og æðstu embættismenn	16,7%	46,4%	16,7%	8,3%	6,0%	6,0%	0,000**
Sérfræðingar með háskólapróf	23,8%	40,2%	4,9%	17,2%	7,4%	6,6%	N = 409
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	32,4%	21,6%	8,1%	8,1%	24,3%	5,4%	
Skrifstofufólk	25,0%	0%	25,0%	25,0%	0%	25,0%	
Þjónustu-, umönnunar-, sölu- og afgreiðslufólk	25,0%	57,1%	0%	14,3%	3,6%	0%	
Bændur og fiskimenn	28,0%	12,0%	4,0%	4,0%	12,0%	40,0%	
Iðnaðarmenn og sérhæft iðnverkfólk	38,7%	30,6%	6,5%	8,1%	9,7%	6,5%	
Bílstjórar, véla- og vélgæslufólk	30,0%	15,0%	10,0%	15,0%	15,0%	15,0%	
Ósérhæft starfsfólk	50,0%	7,1%	0%	42,9%	0%	0%	
Annað	45,5%	54,5%	0%	0%	0%	0%	

3.4 Frí- og starf dagar í skól starfi og úrlausnir foreldra

Foreldrar voru spurðir hversu vel eða illa þeirra fjölskyldu gengi að leysa úr aðstæðum þegar frí- og starfs dagar væru í leik- og/eða grunnskólum barnsins/barnanna þeirra. Niðurstöðurnar eru birtar í töflu 32 greindar eftir kyni. Niðurstöðurnar sýna að meirihluta foreldra gengur mjög eða frekar vel að bregðast við frí- og starfsdögum og er hlutfallið mjög svipað meðal kvenna (73,1%) og karla (74,2%). Ögn hærra hlutfall kvenna eða tæplega fimmtungur telur að það gangi hvorki vel né illa (17,5% á móti 15,7%) en hærra hlutfall karla telur það ganga frekar eða mjög illa (9,1% á móti 7,9%). Ekki er þó um marktækan kynjamuna að ræða samkvæmt marktæktarprófi (p -gildi = 0,130).

Tafla 29. Hversu vel eða illa gengur fjölskyldunni að bregðast við frí- og starfsdögum í skól starfi barna eftir kyni.

	Konur	Karlar	Öll	P -gildi
Mjög vel	34,1%	27,7%	31,4%	0,130
Frekar vel	39,0%	46,5%	42,3%	$N = 1065$
Hvorki vel né illa	17,5%	15,7%	16,7%	
Frekar illa	5,9%	7,6%	6,7%	
Mjög illa	2,0%	1,5%	1,8%	
Veit ekki	1,3%	0,7%	1,0%	
Vil ekki svara	0,2%	0,2%	0,2%	

Tafla 33 sýnir hversu vel eða illa fjölskyldum gengur að leysa úr aðstæðum þegar frí- og starfs dagar eru í leik- og/eða grunnskóla barnsins/barnanna á heimili og eru niðurstöðurnar greindar eftir því hvar foreldrið starfar. Niðurstöðurnar sýna að hæst er hlutfall þeirra sem starfa hjá sveitarfélagi sem telur að það gangi mjög eða frekar vel (82%), því næst meðal þeirra sem starfa hjá ríki (73%) og sama á við um lítið lægra hlutfall þeirra sem starfa hjá einkareknu fyrirtæki (70,4%). Lægst er hlutfallið meðal þeirra sem starfa hjá opinberu hlutafélagi eða sjálfseignarstofnun (66,2%). Þó er ekki um marktækan mun að ræða samkvæmt marktæktarprófi (p -gildi = 0,156).

Tafla 30. Hversu vel eða illa gengur fjölskyldunni að bregðast við frí- og starfsdögum í skólastarfi barna eftir stöðu á vinnumarkaði.

	Hjá einkareknu fyrirtæki	Hjá ríki	Hjá sveitarfélagi	Hjá opinberu hlutafélagi/ sjálfseignarstofnun	P-gildi
Mjög vel	26,4%	24,5%	37,3%	30,8%	0,156
Frekar vel	44,0%	48,5%	44,7%	35,4%	N = 890
Hvorki vel né illa	18,6%	19,0%	12,4%	21,5%	
Frekar illa	8,5%	4,9%	2,5%	12,3%	
Mjög illa	1,9%	1,8%	1,9%	0%	
Veit ekki	0,6%	0,6%	1,2%	0%	
Vil ekki svara	0%	0,6%	0%	0%	

Tafla 34 sýnir hversu vel eða illa foreldrum gengur að bregðast við frí- og starfsdögum í skólastarfi barna sinna greint eftir hjúskaparstöðu. Niðurstöðurnar sýna að lægra hlutfalli einhleypra foreldra en foreldra í sambúð gengur mjög eða frekar vel að bregðast við frí- og starfsdögum í skólastarfi (58,1% á móti 74,8%). Að sama skapi er hærra hlutfall einhleypra foreldra sem gengur frekar eða mjög illa að bregðast við slíkum fríum (16,2% á móti 7,9%).

Tafla 31. Hversu vel eða illa gengur fjölskyldunni að bregðast við frí- og starfsdögum í skólastarfi barna eftir hjúskaparstöðu.

	Í sambúð	Einhleypir foreldrari	Öll	P-gildi
Mjög vel	32,1%	23,7%	31,4%	0,010*
Frekar vel	42,7%	34,4%	42,0%	N = 1064
Hvorki vel né illa	16,1%	23,7%	16,7%	
Frekar illa	6,4%	10,8%	6,8%	
Mjög illa	1,5%	5,4%	1,9%	
Veit ekki	0,9%	2,2%	1,0%	
Vil ekki svara	0,2%	0%	0,2%	

Tafla 35 sýnir með hvaða hætti fjölskyldur bregðast við frí- og starfsdögum í skólastarfi barna sinna. Hver svarandi gat merkt við fleiri en einn þátt þar sem hvert foreldri getur notað mismunandi leiðir til að bregðast við slíkum frídögum í skólastarfi. Af þeim átta leiðum sem nefndar voru í könnuninni mældist tölfræðilega marktækur kynjamunur í fimm þeirra. Þannig var hærra hlutfall kvenna en karla sem hafði fengið aðstoð frá ættingjum eða vinum sínum (48,4% á móti 41,2%) og tekið barnið með í vinnuna (35,5% á móti 22,5%). Einnig er þó nokkuð hærra hlutfall kvenna en karla sem nefnir skert starfshlutfall sitt sem leið til að bregðast við fríum og starfsdögum barna sinna (11,9% á móti 4,1%) auk þess sem hlutfallslega fleiri konur nefna að þær séu í námi (10,9% á móti 3%) og á lífeyri (9% á móti 2,1%). Meðal þess sem fram kom í svörum þeirra sem merktu við annað var að svarandi eða maki væri á vöktum sem hægt væri að hagræða í samræmi við frí- og starfsdaga og að börn væru orðin nógu stór til að vera ein heima með eldra systkini.

Tafla 32. *Hvernig tekist er á við frí- og starfsdaga í skólstarfi barna eftir kyni.*

	Konur	Karlar	Öll	N	P-gildi
Ég nota orlofsdaga	43,7%	39,3%	41,8%	1077	0,144
Ég tek barnið með til vinnu	35,5%	22,5%	29,9%	1077	0,000**
Ég vinn heima og sinni barni/börnum samhliða	43,5%	41,6%	42,7%	1078	0,547
Ég tek launalaust leyfi	25,9%	21,3%	23,9%	1076	0,065
Fáum aðstoð frá ættingjum/vinum mínum	48,4%	41,2%	45,3%	1077	0,018*
Ég er á lífeyri	9,0%	2,1%	6,0%	1078	0,000**
Ég er í námi	10,9%	3,0%	7,5%	1078	0,000**
Ég er í skertu starfshlutfalli	11,9%	4,1%	8,5%	1077	0,000**
Ég, annað	5,7%	4,1%	5,0%	1078	0,221

Tafla 36 sýnir hvernig maki svaranda tekst á við frí- og starfsdaga í leik- og grunnskóla barna eftir kyni. Hver svarandi gat merkt við fleiri en einn þátt þar sem hvert foreldri getur notað mismunandi leiðir til að bregðast við slíkum frídögum í skólstarfi. Af þeim átta leiðum sem nefndar voru í könnuninni mældist tölfræðilega marktækur kynjamunur í fjórum þeirra. Þannig var hærra hlutfall karla en kvenna sem hafði fengið aðstoð frá ættingjum/vinum maka síns (43,5% á móti 29,9%) auk þess sem hlutfallslega fleiri makar karla en makar kvenna eru í skertu starfshlutfalli (5,5% á móti 3,1%), í námi (6% á móti 3,3%) og á lífeyri (2,8% á móti 0,7%).

Tafla 33. *Hvernig tekst maki á við frí- og starfsdaga í skólstarfi barna eftir kyni.*

	Konur	Karlar	Öll	N	P-gildi
Maki minn notar orlofsdaga	34,9%	38,4%	36,5%	981	0,255
Maki minn tekur barnið með til vinnu	17,4%	21,6%	19,2%	982	0,100
Maki vinnur heima og sinni barni/börnum samhliða	31,5%	36,8%	33,8%	978	0,063
Maki tekur launalaust leyfi	15,8%	12,5%	14,3%	976	0,136
Fáum aðstoð frá ættingjum/vinum maka	29,9%	43,5%	36,0%	984	0,000**
Maki er á lífeyri	0,7%	2,8%	1,6%	975	0,013*
Maki er í námi	3,3%	6,0%	4,5%	975	0,045*
Maki er í skertu starfshlutfalli	3,1%	5,5%	4,2%	975	0,048*
Maki, annað	2,6%	1,8%	2,3%	975	0,442

3.5 Umönnun barna eftir að fæðingarorlofi lýkur

Þátttakendur voru spurðir hvernig umönnun barna var háttað eftir að fæðingarorlofi lauk fyrir hvert og eitt barn á aldrinum 12 mánaða til 12 ára og eru niðurstöðurnar birtar í töflu 37. Alls voru 18 einstaklingar sem svöruðu könnuninni sem áttu 4-5 börn á aldrinum 12 mánaða til 12 ára. Sökum þess hversu fáir þeir voru var ekki hægt að greina frá þeim leiðum sem þeir foreldrar notuðu sem eiga fleiri en þrjú börn.

Tafla 37 sýnir hvernig umönnun barna var háttað eftir að fæðingarorlofi lauk. Þegar litið er til fyrsta barn sést að tæplega helmingur barna farið til dagforeldris (45,2%). Næst hæst var hlutfall þeirra barna sem byrjaði 12 mánaða á leikskóla (20%), 8% fóru á ungarnaleikskóla og 11,3% voru í umönnun hjá fjölskyldu eða vini. Um fimmtungur kvenna hafði lengt fæðingarorlofið sitt (19,6%) en það er mun hærra hlutfall en meðal karlkynssvarenda (7,4%). Að sama skapi var mun hærra hlutfall karlkyns svarenda sem átti maka sem lengdi fæðingarorlof sitt (31,2% á móti 5,9%). Hærra hlutfall kvenna en karla var á lífeyri/sjúkradagpeningum (3,7% á móti 1,3%), í námi (8,9% á móti 2,8%) og hætti í vinnu (6,7% á móti 1,3%).

Nokkuð svipað mynstur kemur í ljós þegar litið er til annars barns. Þó er lægra hlutfall barna sem fór til dagforeldris eftir að fæðingarorlofi lauk (38,1%) en aftur á móti er ögn hærra hlutfall sem fór 12 mánaða inn á leikskóla 22,7%. Að sama skapi voru 10% barnanna í umönnun hjá fjölskyldu eða vini. Líkt og með fyrsta barn er mun hærra hlutfall kvenna en karla sem hafði lengt fæðingarorlof sitt með barn númer tvö (21,2% á móti 7,1%) og að sama skapi var mun hærra hlutfall karla sem átti maka sem lengdi fæðingarorlof sitt (34,4% á móti 4,6%). Hærra hlutfall kvenna en karla var á lífeyri/sjúkradagpeningum (3,4% á móti 0,4%), í námi (10% á móti 2,1%) og hætti í vinnu (10,3% á móti 0,4%).

Tafla 34. Umönnun barna eftir 12 mánaða aldur eftir kyni (fyrir hvert barn).

	Konur	Karlar	Samtals	Konur	Karlar	Samtals	Konur	Karlar	Samtals
	Barn 1			Barn 2			Barn 3		
Barnið byrjaði 12 mánaða á leikskóla	16,7%	24,2%	20,0%*	20,1%	25,9%	22,7%	21,5%	30,5%	26,1%
Barnið fór til dagforeldris	47,0%	42,8%	45,2%	35,2%	41,7%	38,1%	29,1%	22,0%	25,5%
Barnið fór á ungbarnaleikskóla	8,9%	6,8%	8,0%	6,6%	8,2%	7,3%	10,1%	12,0%	11,1%
Ég lengdi fæðingarorlof	19,6%	7,4%	14,3%*	21,2%	7,1%	14,9%*	26,6%	4,8%	15,4%*
Maki lengdi fæðingarorlof	5,9%	31,2%	16,9%*	4,6%	34,4%	17,9%*	5,0%	31,3%	18,4%*
Ég tók sumarfrí	8,6%	9,6%	9,0%	8,9%	12,8%	10,6%	13,8%	14,5%	14,1%
Maki tók sumarfrí	5,6%	5,5%	5,5%	7,2%	6,4%	6,8%	7,6%	12,0%	9,9%
Ég var á lífeyri/sjúkradagpeningum	3,7%	1,3%	2,7%*	3,4%	0,4%	2,1%*	3,8%	0%	1,9%
Maki var á lífeyri/sjúkradagpeningum	1,0%	1,1%	1,0%	0,9%	0,7%	0,8%	1,3%	2,4%	1,9%
Ég var í námi	8,9%	2,8%	6,3%*	10,0%	2,1%	6,5%*	10,0%	1,2%	5,5%*
Maki var í námi	2,2%	6,8%	4,2%*	2,6%	6,7%	4,4%*	6,3%	6,0%	6,1%
Ég hætti vinnu	6,7%	1,3%	4,4%*	10,3%	0,4%	5,9%*	0%	1,2%	0,6%
Maki hætti vinnu	1,0%	4,1%	2,4%*	0,9%	2,5%	1,6%	2,5%	3,6%	3,1%
Greitt fyrir umönnun (s.s. Aupair)	0,8%	1,3%	1,0%	1,4%	1,1%	1,3%	7,5%	2,4%	4,9%
Barnið var í umönnun hjá fjölskyldu eða vini	13,5%	8,5%	11,3%*	10,9%	8,9%	10,0%	7,6%	6,0%	6,8%
Annað	4,6%	7,2%	5,7%	5,7%	4,3%	5,1%	6,3%	2,4%	4,3%
	N = 1051			N = 632			N = 163		

* p -gildi < 0,05

3.6 Viðhorf vinnustaðarins til samræmingar fjölskyldu- og atvinnulífs

Tafla 38 sýnir hversu hátt hlutfall er sammála eða ósammála því að tekið sé tillit til ábyrgðar á fjölskyldu á vinnustaðnum og eru niðurstöðurnar greindar eftir kyni. Ekki mældist marktækur kynjamunur í svörunum samkvæmt marktæktarprófi (p -gildi = 0,379). Mikill meirihluti foreldra er mjög eða frekar sammála fullyrðingunni (80,7%). 12% eru fullyrðingunni hvorki sammála né ósammála og 5,4% eru henni frekar eða mjög ósammála.

Tafla 35. *Sammála eða ósammála að tekið sé tillit til ábyrgðar á fjölskyldu á vinnustaðnum eftir kyni.*

	Konur	Karlar	Öll	P -gildi
Mjög sammála	45,3%	42,6%	44,1%	0,379
Frekar sammála	36,8%	36,4%	36,6%	$N = 959$
Hvorki sammála né ósammála	10,1%	14,3%	12,0%	
Frekar ósammála	4,0%	4,1%	4,1%	
Mjög ósammála	1,5%	0,9%	1,3%	
Veit ekki	0,8%	0,5%	0,6%	
Vil ekki svara	0,6%	0%	0,3%	

Tafla 39 sýnir hversu hátt hlutfall er sammála eða ósammála því að tekið sé tillit til ábyrgðar á fjölskyldu á vinnustaðnum og eru niðurstöðurnar greindar eftir hjúskaparstöðu. Hærra hlutfall einhleypra foreldra en sambúðarforeldra er mjög sammála fullyrðingunni (46,7% á móti 43,8%) en lægra hlutfall þeirra er frekar sammála (33,3% á móti 36,8%) og hvorki sammála né ósammála (8% á móti 12,5%). Jafn hátt hlutfall er frekar ósammála (4%) en hærra hlutfall einhleypra foreldra er mjög ósammála (2,7% á móti 1,1%).

Tafla 36. *Sammála eða ósammála að tekið sé tillit til ábyrgðar á fjölskyldu á vinnustaðnum eftir hjúskaparstöðu.*

	Í sambúð	Einhleypir foreldrar	Öll	P -gildi
Mjög sammála	43,8%	46,7%	44,0%	0,006**
Frekar sammála	36,8%	33,3%	36,5%	$N = 956$
Hvorki sammála né ósammála	12,5%	8,0%	12,1%	
Frekar ósammála	4,0%	4,0%	4,0%	
Mjög ósammála	1,1%	2,7%	1,3%	
Veit ekki	0,8%	0%	0,7%	
Vil ekki svara	0,1%	2,7%	0,3%	

Tafla 40 sýnir hversu hátt hlutfall er sammála eða ósammála því að tekið sé tillit til ábyrgðar á fjölskyldu á vinnustaðnum eftir kyni og atvinnugrein. Niðurstöðurnar sýna nokkurn kynjamun þegar afstaða svarendanna er skoðuð eftir kyni og atvinnugrein. Þannig er mun hærra hlutfall kvenna en karla í ósérhæfðum störfum (88,9% á móti 42,9%), skrifstofustörfum (62,5% á móti

